

Þingskjal X – X. mál.

**Frumvarp til laga
um pósthjónustu**

(Lagt fyrir Alþingi á 145. löggjafarþingi 2015–2016.)

I. KAFLI

Gildissvið og markmið. Stjórn póstmála.

1. gr.

Gildissvið.

Lög þessi gilda um pósthjónustu sem felst í móttöku eða söfnun, flokkun, flutningi og afhendingu á póstsendingum gegn greiðslu og um starfsemi sem þessu tengist.

2. gr.

Markmið.

Markmið laganna er að tryggja hagkvæma, virka og áreiðanlega pósthjónustu hér á landi m.a. með því að tryggja notendum aðgang að alþjónustu, eins og hún er skilgreind á hverjum tíma og með því að efla samkeppni á markaði fyrir pósthjónustu.

3. gr.

Stjórn póstmála.

Ráðherra fer með yfirstjórn póstmála.

Póst- og fjarskiptastofnun veitir heimild fyrir starfrækslu pósthjónustu og hefur eftirlit með framkvæmd laga þessara.

4. gr.

Póstsendingar innan fyrirtækis og félaga.

Póstsendingar innan fyrirtækis og félaga, þ.m.t. milli mismunandi starfsstöðva þess, falla ekki undir ákvæði laga þessara ef viðkomandi annast póstsendinguna.

II. KAFLI

Orðskýringar.

5. gr.

Merking orða í lögum þessum er sem hér segir:

Afgreiðslustaðir: Aðstaða, t.d. húsnæði, bifreiðar eða sjálfvirkir afgreiðslukassar þar sem einstaklingar og lögaðilar geta nálgast pósthjónustu.

Almenn heimild: Heimild til að veita pósthjónustu.

Alþjónusta: Lágmarkspósthjónusta sem landsmenn skulu eiga aðgang að á jafnræðisgrundvelli, sbr. 9. gr. laganna.

Alþjónustuveitandi: Sá aðili sem lýst hefur yfir ætlun sinni til að veita alþjónustu á landsvísu á markaðsforsendum eða hefur verið útnefndur með slíka kvöð af hálfu Póst- og fjarskiptastofnunar.

Blindrasending: Póstsending sem inniheldur einvörðungu upplýsingaefni fyrir blinda.

Bréf: Póstsending þar sem nafn og heimilisfang viðtakanda er skráð eða önnur auðkenning. Ekki er litið á bækur, verðlista, dagblöð og tímarit sem bréf.

Bréfastassar: Aðstaða, t.d. kassi eða lúga sem móttakendur setja upp til viðtöku á póstsendingum.

Endastöðvagjöld: Þóknun póstrekkanda fyrir dreifingu póstsendinga erlendis frá.

Fjarvöktun: Möguleiki notanda til að fylgjast með staðsetningu bréfa og böggla sem afhentir eru til póstmæðferðar.

Fjármunasending: Greiðsluviðskipti með millifærslum, póstávísanir, póströfur og önnur fjármunahjónusta.

Fjölpóstur: Óáritaðar sendingar, oftast auglýsingarpóstur.

Fríblöð: Dagblöð og vikublöð sem borin eru út til viðtakanda, án þess að viðkomandi hafi óskað eftir því.

Frímerki: Tegund gjaldmerkis fyrir pósthjónustu sem er ávísun á ákveðna þjónustu.

Gjaldmerki: Merki sem er límt eða stimplað á póstsendingar eða fylgibréf þeirra sem tákni um að greitt hafi verið fyrir viðkomandi pósthjónustu. Gjaldmerki getur einnig verið rafrænn kóði.

Móttaka: Móttaka og söfnun póstsendinga sem lagðar eru inn á afgreiðslustöðum.

Notandi: Einstaklingur eða lögpersóna sem nýtir sér pósthjónustu sem sendandi eða viðtakandi.

Póstdreifkerfi: Aðföng og kerfi sem póstrekkandi notar til að koma póstsendingum til skila, s.s. flokkunarstöðvar, afgreiðslustaðir, flutningsleiðir, póstnúmer, pósthólf, póst- og bréfastassar, gagnagrunnar um heimilisföng, upplýsingar um breytingar á heimilisföngum, aðgangur að áfram sendingarþjónustu og þjónusta í tengslum við endursendingu bréfa.

Póstkassi: Póstkassi sem ætlaður er fyrir söfnun póstsendinga.

Póstnúmer: Númer, eða kerfi númera sem notuð eru til að staðsetja viðtakanda og auðvelda dreifingu.

Póstrekandi: Aðili sem veitir pósthjónustu sem alþjónustuveitandi eða samkvæmt almennri heimild.

Póstsending: Bréf, blöð, tímarit og fjölpóstur upp að 2 kg og böggjar upp að 10 kg.

Póstþjónusta: Þjónusta sem nær til móttöku og söfnunar, flokkunar, flutnings og dreifingar á póstsendingum gegn greiðslu.

Rafræn póstdreifing: Póstþjónusta sem felur í sér póstsendingu sem hefur verið yfirfærð á rafrænt form og send notanda í gegnum rafrænt viðmót.

Rekjanleg sending: Skráð sending sem gerir sendanda kleift að fá staðfestingu fyrir móttöku.

Sönnun um móttöku póstsendinga: Staðfesting viðtakanda á móttöku póstsendinga. Staðfestingin getur verið skrifleg eða á rafrænu formi.

Tryggð sending: Þjónusta sem tryggir póstsendingu gegn tapi, þjófnaði eða skemmdum samkvæmt því verðgildi sem sendandi tilgreinir.

Útburður: Starfsemi sem byrjar að jafnaði með sundurgreiningu póstis í póstmiðstöð og lýkur með afhendingu hans á tilgreindum ákvörðunarstað.

III. KAFLI

Heimildir til að starfrækja pósthjónustu.

6. gr.

Almenn heimild.

Pósthjónustufyrirtæki hafa almenna heimild til reksturs pósthjónustu. Heimild þessi nær til einstaklinga og lögaðila sem staðfestu hafa innan Evrópska efnahagssvæðisins og enn fremur í aðildarríkjum Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar eftir því sem ráðherra ákveður með reglugerð.

Almenn heimild felur í sér réttindi til að starfrækja pósthjónustu samkvæmt ákvæðum þessara laga og samkvæmt reglum sem Póst- og fjarskiptastofnun setur.

7. gr.

Tilkynning um starfsemi.

Aðilar sem hyggjast starfrækja pósthjónustu samkvæmt almennri heimild skulu tilkynna Póst- og fjarskiptastofnun eigi síðar en fjórum vikum fyrir opnun þjónustunnar um fyrirætlan sína og veita upplýsingar sem nauðsynlegar eru vegna skráningar á viðkomandi póstfyrirtæki og starfsemi þess. Tilkynna skal stofnuninni hverjir standa að starfseminni, eignarhlutfall þeirra, fjárhagsstöðu, hver sé fyrirhuguð þjónusta, þ.m.t. hvort fyrirtækið hyggist veita alþjónustu, og á hvaða svæði þjónustan nær til. Svæði skulu skilgreind eftir póstnúmerum.

Póst- og fjarskiptastofnun skal innan þriggja vikna tilkynna hlutaðeigandi aðila hvort skilyrði laga þessara séu uppfyllt. Hefji aðili að veita pósthjónustu án þess að hafa tilkynnt það Póst- og fjarskiptastofnun með tilgreindum fyrirvara er stofnuninni heimilt að stöðva starfsemina þangað til að úr hefur verið bætt.

Póstrekandi sem hyggst leggja niður starfsemi, að hluta til eða í heild, skal tilkynna stofnuninni það með þriggja mánaða fyrirvara en alþjónustuveitendur skulu tilkynna stofnuninni það með sex mánaða fyrirvara.

Póst- og fjarskiptastofnun skal halda skrá yfir póstrekendur.

8. gr.

Skilyrði almennrar heimildar.

Póst- og fjarskiptastofnun skal setja reglur um almennar heimildir. Skilyrði skulu vera hlutlæg og skýr og jafnræðis gætt við veitingu heimilda.

Póst- og fjarskiptastofnun setur skilyrði fyrir veitingu almennrar heimildar skv. 7. gr. Skilyrðin skulu vera hlutlæg og skýr og jafnræðis gætt við veitingu heimilda. Skilyrði almennrar heimildar geta verið eitt eða fleiri, þar með talið að:

- a) veittar verði nauðsynlegar upplýsingar vegna skráningar og eftirlits,
- b) gjaldskrá póstreka sé háð eftirliti Póst- og fjarskiptastofnunar,
- c) póstrekaði sem sinnir alþjónustu sæti eftirliti Póst- og fjarskiptastofnunar að því er varðar fjárhagsstöðu með tilliti til hættu á rekstrarstöðvun,
- d) uppfylltar séu þjónustu- og gæðakröfur, sbr. VII. kafla,
- e) um verndun persónuupplýsinga og friðhelgi einkalífs,
- f) um neytendavernd á sviði pósthjónustu,
- g) sett sé trygging fyrir greiðslu kostnaðar vegna skila á póstsendingum til viðtakenda ef til gjaldþrots eða rekstrarstöðvunar póstrekaða kemur,
- h) alþjóðasamningar á sviði póstmála sem stjórnvöld hafa gert séu virtir,
- i) greitt sé leyfisgjald og rekstrargjald í samræmi við lög um Póst- og fjarskiptastofnun og lög um aukatekjur ríkissjóðs,
- j) póstrekaði auðkenni sig sem póstrekaði með viðeigandi hætti.

Póst- og fjarskiptastofnun getur sett skilyrði til viðbótar ef nauðsynlegt þykir, þ.á m. sett skilyrði sem varða rekstraröryggi og samvirkni dreifikerfa. Slík skilyrði skal rökstyðja þegar þau eru sett. Breyta má skilyrðum útnefningar alþjónustuveitanda sem og almennum heimildum ef forsendur hafa breyst. Einnig má bæta við skilyrðum eða breyta til samræmis við breytingar á lögum og reglum settum samkvæmt þeim og þegar alþjóðasamningar gefa tilefni til slíks.

Póst- og fjarskiptastofnun er heimilt að afturkalla almenna heimild ef viðkomandi fyrirtæki verður gjaldþrota, leggur niður starfsemi sína eða brýtur alvarlega gegn skilmálum almennrar heimildar og/eða skyldum sínum sem alþjónustuveitandi. Í síðast talda tilfellinu skal viðkomandi aðila send skrifleg aðvörun og gefinn kostur á að bæta úr vanrækslu sinni áður en til afturköllunar kemur.

Nánar skal kveða á um réttindi og skyldur fyrirtækja með almenna heimild í reglum sem Póst- og fjarskiptastofnun skal gefa út.

IV. KAFLI

Alþjónusta.

9. gr.

Inntak alþjónustu.

Allir notendur á Íslandi skulu eiga rétt á alþjónustu sem uppfyllir ákveðin gæði og er á viðráðanlegu verði.

Að lágmarki skal eftirtalin þjónusta vera innifalin í alþjónustu:

1. Aðgangur að afgreiðslustað og póstkössum. Póst- og fjarskiptastofnun er heimilt að setja reglur um fjölda afgreiðslustaða og póstkassa. Við setningu reglnanna skal m.a. taka mið af fjölda íbúa, sanngjörnum þörfum notenda, t.d. fjölda afgreiðslna, stærð þjónustusvæðis, sem og kostnaði við rekstur afgreiðslunnar.
2. Póstþjónusta vegna bréfa upp að tveimur kílóum, vegna böggla upp að 10 kílóum, rekjanlegra sendinga, blindrasendinga allt að tveimur kílóum, dreifing dagblaða, vikublaða, tímarita, bóka og verðlista með utanáskrift.

Fara skal eftir reglum Alþjóðapóstbandsins um stærð og frágang þeirra póstsendinga sem falla undir alþjónustu.

Póst- og fjarskiptastofnun skal árlega birta upplýsingar um alþjónustu og alþjónustuveitendur, þar með talið hvaða þjónusta fellur undir alþjónustu auk upplýsinga varðandi verð og gæði.

Póst- og fjarskiptastofnun getur heimilað frávik frá alþjónustu. Stofnunin skal tilkynna frávik frá alþjónustuskilyldum til Eftirlitsstofnunar EFTA.

Ráðherra skal setja reglugerð um nánari útfærslu alþjónustu, þar á meðal um dreifingu póstsendinga innan alþjónustu.

10. gr.

Grunnkröfur.

Póstrekendur sem veita alþjónustu skulu tryggja að þjónustan uppfylli eftirfarandi kröfur að:

- a. boðin sé þjónusta sem uppfyllir grunnkröfur, þ. á m. varðandi öryggi póstflutninga, trúnaðarskyldur og verndun gagna,
- b. öllum notendum sem búa við sambærilegar aðstæður sé boðin sambærileg þjónusta,
- c. þjónustan sé veitt án mismununar af nokkru tagi en sérstaklega án mismununar af stjórnámálalegum, trúarlegum eða hugmyndafræðilegum toga,
- d. þjónusta verði ekki stöðvuð nema vegna óviðráðanlegra aðstæðna,
- e. þjónustan þróist í takt við tækni, efnahagslegt og félagslegt umhverfi og þarfir notenda.

Póst- og fjarskiptastofnun er heimilt að setja reglur um útfærslu á grunnkröfum póstþjónustu. Póst- og fjarskiptastofnun hefur eftirlit með því að póstrekkendur uppfylli ofangreind skilyrði.

11. gr.

Alþjónustuveitendur.

Póst- og fjarskiptastofnun hefur eftirlit með því að fullnægjandi póstpjónusta á sanngjörnum kjörum sé veitt um land allt. Við mat á því hvort lágmarkspjónusta sé tryggð um land allt skal Póst- og fjarskiptastofnun framkvæma markaðskönnun um áhuga aðila til að sinna alþjónustu á landsvísu. Birta skal opinberlega yfirlýsingu um framkvæmd markaðskönnunar þar sem fram kemur að þjónustan verði tryggð með þeim hætti sem kveðið er á um í 2. mgr. nema markaðsaðili upplýsi um fyrirætlun sína um að bjóða alþjónustu innan eins mánaðar frá birtingu tilkynningarinnar án aðkomu ríkisstyrkja. Heimilt er að líta til þarfa notenda og eftirspurnar eftir tilteknum þjónustubáttum á skilgreindum þjónustusvæðum.

Leiði markaðskönnun í ljós að alþjónustu verði ekki við komið á markaðsforsendum skal tryggja alþjónustu með því að bjóða þjónustuna út. Um útboð á póstpjónustu fer samkvæmt almennum lögum og reglum sem gilda um opinber innkaup.

Ef nauðsynlegt þykir til að tryggja fullnægjandi póstpjónustu á sanngjörnum kjörum um allt land og þeirri þjónustu verður ekki við komið á markaðsforsendum og í ljós kemur að útboð leiði ekki til hagkvæmrar og skilvirkar niðurstöðu, getur Póst- og fjarskiptastofnun útnefnt póstrekanda með almenna heimild sem alþjónustuveitanda og mælt svo fyrir um að hann skuli uppfylla alþjónustuskyldur til að tryggja að notendur hafi aðgang að alþjónustu. Við útnefningu á alþjónustuveitanda skal gæta jafnræðis, gagnsæis og meðalhófs.

Póst- og fjarskiptastofnun skal a.m.k. 6 mánuðum áður en útnefning alþjónustuveitanda rennur út eða án tafar eftir að alþjónustuveitandi hefur tilkynnt að hann hyggist leggja niður starfsemi, hefja undirbúning að því að meta hvort ástæða sé til að viðhalda útnefningu fyrirtækis með alþjónustuskyldur eða bjóða út þjónustuna.

Til að tryggja samfellda og skilvirka þjónustu um allt land skal að jafnaði einn póstrekandi sinna hlutverki alþjónustuveitanda. Þó skal heimilt að skipta alþjónustu upp á milli alþjónustuveitanda eftir ákveðnum svæðum eða eftir þjónustutegundum ef það er talið nauðsynlegt til að tryggja hagkvæma og skilvirka póstpjónustu. Póstrekendur sem sinna alþjónustu skulu tryggja samvirkni og samfellda þjónustu um allt land.

12. gr.

Réttindi og skyldur alþjónustuveitanda.

Alþjónustuveitanda skal vera heimilt að nota merkið póstlúður, með eða án stjörnu eða örva, til kynningar á póstpjónustu.

Alþjónustuveitandi getur sótt um heimild til útgáfu frímerkja til Póst- og fjarskiptastofnunar.

Alþjónustuveitendur skulu tryggja að almenningur hafi aðgang að alþjónustu.

Alþjónustuveitandi skal virða alþjóðasamninga á sviði póstmála sem stjórnvöld hafa gert og uppfylla skyldur alþjóðasamninga sem Ísland hefur undirgengist um gjaldfrjálsar sendingar.

13. gr.

Umsóknir um fjárframlög vegna alþjónustu.

Ef póstrekandi sem hefur verið útnefndur alþjónustuveitandi telur að alþjónusta sem honum er skylt að veita, hafi í för með sér hreinan kostnað getur hann sótt um til Póst- og fjarskiptastofnunar að honum verði með fjárframlögum tryggt eðlilegt endurgjald fyrir þá starfsemi sem um ræðir. Útreikningar alþjónustuveitanda skulu taka mið af viðauka við lög þessi. Jafnframt þarf umsækjandi að sýna fram á að hið útreiknaða tap, ef eitthvert er, hafi í för með ósanngjarna byrði á fjárhag alþjónustuveitanda.

Berist Póst- og fjarskiptastofnun umsókn um fjárframlag skv. 1. mgr., og ekki verður talið að þjónustan verði tryggð með öðrum hagkvæmari hætti og jafnframt talið að þjónustan sé nauðsynleg og verði því ekki aflögð, skal stofnunin þá taka umsóknina til meðferðar og eftir atvikum samþykkja eða hafna umsókn alþjónustuveitanda, að hluta eða öllu leyti.

Ef niðurstaða Póst- og fjarskiptastofnunar er sú að alþjónustuveitandi eigi rétt á fjárframlagi vegna alþjónustuskyldna, sem hann veitir á landsvísu eða á einstökum svæðum, skal stofnunin framkvæma markaðskönnun og kanna hvort annar póstrekandi hafi áhuga og raunhæfa möguleika á að veita þessa tilteknu þjónustu, sem alþjónustuveitandi á rétt á framlagi fyrir. Ef svo er skal bjóða út þjónustuna og fer þá samkvæmt almennum lögum og reglum sem gilda um opinber útboð.

Fjárframlög vegna alþjónustu samkvæmt þessari grein greiðast úr ríkissjóði samkvæmt heimild í fjárlögum.

VI. KAFLI

Nauðsynleg aðstaða.

14. gr.

Aðgangur að dreifikerfi og nauðsynlegri aðstöðu.

Ef nauðsynlegt þykir til að vernda hagsmuni notenda og/eða annarra fyrirtækja á markaði í þeim tilgangi að koma á virkri samkeppni getur Póst- og fjarskiptastofnun lagt aðgangskvaðir á alþjónustuveitendur. Við setningu slíkra aðgangskvaða skal gæta jafnræðis og gegnsæis. Aðgangur að eftirfarandi aðstöðu getur fallið hér undir:

1. Aðgangur að pósthólfum.
2. Aðgangur að póst- og bréfaöksum.
3. Aðgangur að áframsendingarþjónustu.
4. Aðgangur að þjónustu í tengslum við endursendingu bréfa.

Íhlutun Póst- og fjarskiptastofnunar getur m.a. tekið til eftirfarandi atriða:

- a. Gjalds fyrir aðgang.
- b. Skilyrði og skilmálum fyrir aðgangi.
- c. Setningu reglna um bókhaldslega aðgreiningu sem tengjast aðganginum.

Séu sérstakar kvaðir lagðar á alþjónustuveitanda um aðgang að innviðum alþjónustuveitanda er Póst- og fjarskiptastofnun heimilt að ákveða endurgjald fyrir aðganginn.

Við málsmeðferð Póst- og fjarskiptastofnunar skulu m.a. eftirfarandi sjónarmið lögð til grundvallar:

- a. Sanngirni þeirra skilmála og skilyrða sem tengjast viðkomandi aðgangsbæðni.
- b. Áhugi og þarfir notenda.
- c. Þörf á að tryggja og viðhalda hagkvæmri þjónustu í tengslum við alþjónustu.
- d. Aðrir möguleikar sem koma til greina varðandi hliðstæðan aðgang fyrir aðgangsbæðanda.
- e. Samkeppni á markaði fyrir pósthjónustu.
- f. Möguleikar við að veita umræddan aðgang.
- g. Fjárfesting sem alþjónustuveitandinn hefur lagt í.

Póst- og fjarskiptastofnun er heimilt að setja reglur um nauðsynlega aðstöðu og þjónustu.

15. gr.

Frímerki og gjaldmerki.

Póst- og fjarskiptastofnun veitir heimild til útgáfu frímerkja og annarra gjaldmerkja. Heimild til útgáfu frímerkja skal eingöngu veitt alþjónustuveitendum. Póst- og fjarskiptastofnun er heimilt að kveða á um að alþjónustuveitandi skuli gefa út frímerki.

Öll íslensk frímerki skulu bera áletrunina „ÍSLAND“.

Um skipti á frímerkjum við erlend pósthjónustufyrirtæki skal fara eftir þeim reglum sem Alþjóðapóstbandsambandið (UPU) kann að setja.

Gjaldmerki önnur en frímerki skulu bera heiti viðkomandi póstrekkanda eða númer sem Póst- og fjarskiptastofnun úthlutar honum.

16. gr.

Póstnúmeraskrá.

Póst- og fjarskiptastofnun ákvarðar landfræðileg mörk póstnúmera og heldur póstnúmeraskrá. Breytingar á póstnúmeraskrá skulu ekki gerðar nema að höfðu samráði við Þjóðskrá Íslands.

VI. KAFLI

Viðskiptaskilmálar, gjaldskrár og bókhald.

17. gr.

Viðskiptaskilmálar.

Póstrekkendur skulu birta opinberlega almenna viðskiptaskilmála sem um þjónustu þeirra gilda. Nýir og breyttir skilmálar skulu sendir Póst- og fjarskiptastofnun a.m.k. fimm virkum dögum fyrir gildistöku þeirra. Póst- og fjarskiptastofnun er heimilt að gera breytingar á skilmálum ef þeir

brjóta gegn lögum, reglugerðum, almennum heimildum eða skyldum alþjónustuveitanda þegar það á við.

Í skilmálum fyrir alþjónustu skal skilgreina aðgengi notenda og gæði þjónustu.

Alþjónustuveitandi skal birta viðskiptaskilmála fyrir afhendingu magnpósts. Gæta skal jafnræðis og gagnsæis að því er varðar slíka gjaldskrá sem og þá skilmála sem gilda um frágang og afhendingu magnpósts.

18. gr.

Gjaldskrá alþjónustu.

Gjöld fyrir alþjónustu skulu vera viðráðanleg fyrir notendur og tryggja aðgang þeirra að þjónustunni.

Gjaldskrár fyrir alþjónustu skulu taka mið af raunkostnaði við að veita þjónustuna að viðbættum hæfilegum hagnaði. Gjaldskrár skulu vera auðskiljanlegar og gæta skal jafnræðis. Póst- og fjarskiptastofnun er heimilt að krefjast þess að alþjónustuveitandi geri grein fyrir kostnaðargrundvelli gjaldskrár vegna þjónustu innan alþjónustu.

Póst- og fjarskiptastofnun getur krafist þess að alþjónustuveitandi geri kostnaðarlíkan til útreiknings á verði.

Póst- og fjarskiptastofnun getur við útreikninga á kostnaði tekið mið af rekstri sambærilegrar þjónustu sem telst hagkvæmlega rekin, tekið mið af gjaldskrám á sambærilegum samkeppnismörkuðum og notað kostnaðargreiningaraðferðir sem eru óháðar aðferðum póstrekkanda.

Ef Póst- og fjarskiptastofnun telur að gjaldskrá alþjónustuveitanda sé of há ef tekið er mið af sambærilegum gjaldskrám innan EES, getur stofnunin ákveðið hámarksverð sem alþjónustuveitanda er heimilt að taka fyrir þá þjónustu sem fellur innan alþjónustu. Nánar skal kveðið á um aðferðarfræði við útreikninga á hámarksverði í reglugerð um alþjónustu.

Alþjónustuveitanda er heimilt að setja sérstaka gjaldskrá fyrir fyrirtæki sem afhenda mikið magn póstsendinga í einu eða fyrirtæki sem safna saman póstsendingum mismunandi viðskiptavina og afhenda alþjónustuveitanda til dreifingar.

Alþjónustuveitanda er heimilt að miða við ákveðið dreifingarhlutfall póstsendinga eftir landsvæðum við útreikninga á hinni sérstöku gjaldskrá.

Nánar skal kveðið á um gjaldskrá í reglugerð um bókhald og gjaldskrár póstrekkanda, m.a. um aðferðir við eignamat, afskriftir, ávöxtunarkröfu og gerð kostnaðarlíkana.

19. gr.

Um breytingar á gjaldskrá innan alþjónustu.

Breytingar á gjaldskrá innan alþjónustu fyrir einstök bréf og böggla upp að 10 kg skal tilkynna Póst- og fjarskiptastofnun með að lágmarki 30 daga fyrirvara. Breytingum á gjaldskrá skal fylgja fullnægjandi rökstuðningur fyrir þeim breytingum sem gerðar eru á einingarverði í 50 g þyngdarflokki (lægsta þyngdarflokki).

Breytingar á gjaldskrá fyrir magnpóst, þ.m.t. breytingar á verði og skilmálum, skal tilkynna með að lágmarki 60 daga fyrirvara. Alþjónustuveitandi skal fyrir sömu tímamörk senda Póst- og fjarskiptastofnun fullnægjandi rökstuðning fyrir þeim breytingum sem gerðar eru.

Breytingar á gjaldskrá innan alþjónustu ásamt rökstuðningi skal birta á vefsíðu Póst- og fjarskiptastofnunar.

20. gr.

Fyrirkomulag bókhalds.

Bókhald alþjónustuveitanda skal byggjast á hlutlægum reikningsskilareglum í samræmi við viðurkennda aðferðafræði.

Alþjónustuveitandi skal í bókhaldi greina kostnað og tekjur fyrir sérhverja tegund þjónustu sem fellur undir alþjónustu og aðra þjónustu. Bókhaldsleg aðgreining er forsenda þess að alþjónustuveitandi geti sótt um fjárframlag vegna alþjónustuskyldna sem honum er skylt að veita og hann telur ósanngjarna byrði á fjárhag sinn.

Ráðherra skal setja reglugerð um bókhald alþjónustuveitanda og sundurgreiningu tekna og kostnaðar á milli alþjónustu og annarrar þjónustu.

21. gr.

Upplýsingar um starfsemi og rekstur.

Póstrekendum er skylt að afhenda Póst- og fjarskiptastofnun innan hæfilegs frests sem hún ákveður tölfræðilegar upplýsingar um starfsemi sína, þ.m.t. heildartölur um fjölda póstagðra sendinga í mismunandi þjónustu- og þyngdarflokkum, tölur um afgreiðslumagn einstakra afgreiðslustaða, upplýsingar um dreifingu á mismunandi stöðum o.fl.

Alþjónustuveitandi skal veita Póst- og fjarskiptastofnun upplýsingar um rekstur sinn og fjárhag svo að stofnunin geti haft eftirlit með starfsemi alþjónustuveitanda. Póst- og fjarskiptastofnun eða löggiltum endurskoðanda í umboði stofnunarinnar skal hvenær sem er og án fyrirvara heimilaður aðgangur að bókhaldi alþjónustuveitanda í þeim tilgangi að sannreyna að aðgreining kostnaðar fari rétt fram og til að kanna hver sé kostnaður við alþjónustu.

Alþjónustuveitandi skal láta Póst- og fjarskiptastofnun í té upplýsingar um gæði alþjónustu, sbr. 25. gr. Póst- og fjarskiptastofnun skal vera heimilt að birta slíkar upplýsingar í úttekt sinni.

VII. KAFLI

Kröfur um þjónustu og gæði.

22. gr.

Móttaka pósts.

Alþjónustuveitendur skulu tryggja að móttöku- og söfnunarstaðir fyrir póst sem falla undir alþjónustu séu tæmdir a.m.k. einu sinni hvern virkan dag og/eða að tæming sé í samræmi við fjölda dreifingardaga á viðkomandi svæði að teknu tilliti til eftirspurnar eftir þjónustu.

23. gr.

Útburður.

Alþjónustuveitandi skal að jafnaði bjóða upp á dreifingu alla virka daga til einstaklinga sem hafa fasta búsetu, sbr. lög um lögheimili nr. 21/1990, með síðari breytingum. Á sama hátt skal bera út póst til lögaðila sem hafa fasta atvinnustarfsemi í viðkomandi húsnæði.

Heimilt er að fækka dreifingardögum að teknu tilliti til eftirspurnar eftir þjónustu vegna umtalsverðs kostnaðar eða þegar kringumstæður eða landfræðilegar aðstæður hindra útburð alla virka daga. Dreifing alþjónustuveitanda skal þó að lágmarki vera einu sinni í viku að því gefnu að hún sé yfir höfuð framkvæmanleg.

Ekki er skylda til að bera út póst í sumarhús (frístundahús) eða á svæðum sem teljast til hálendis.

Nánar skal kveðið á um dreifingu pósts í reglugerð um alþjónustu.

24. gr.

Rafræn póstdreifing.

Póstrekanda er heimilt, að fengnu samþykki Póst- og fjarskiptastofnunar, að dreifa póstsendingum í rafrænt pósthólf hafi móttakandi óskað eftir slíkri þjónustu.

Póstrekandi sem hyggst bjóða upp á rafræna póstdreifingu í rafrænt pósthólf skal tryggja öryggi rafrænna pósthólfa með viðeigandi ráðstöfunum sem geta m.a. falist í dulkóðun, auðkenningu notenda og notkun öryggisstaðla. Meðhöndlun pósts og rafrænna póstsendinga skal uppfylla kröfur um öryggi og póstleynd, sbr. 27., 45. og 46. gr.

Nánar skal kveðið á um rafræn pósthólf, rafrænar póstgáttir og afhendingu pósts í rafrænt pósthólf í reglugerð.

25. gr.

Gæðakröfur.

Í reglugerð um alþjónustu skal setja kröfur um gæði útburðar póstsendinga í lægsta þyngdarflokki innan alþjónustu. Í reglugerðinni skal m.a. kveða á um hver skuli vera lengstur tími frá móttöku pósts til útburðar hans miðað við ákveðinn hundradshluta, lágmarksopnunartíma póstafræðisluðastaða, fjölda tæminga póstkassa á dag, hámarkstíma frá því að póstur berst til landsins þangað til hann er borinn út og hámarkstíma frá móttöku pósts til útlanda þangað til hann er afhentur flutningsaðila.

Gæðakröfur vegna póstsendinga innan alþjónustu milli landa innan Evrópska efnahagssvæðisins skulu vera í samræmi við ákvæði viðauka I. Gæðakröfur fyrir póstpjónustu innan lands skulu taka mið af fyrrnefndum gæðakröfum fyrir sendingar milli landa.

Póstrekendum er ekki heimilt að tefja póstsendingar að óþörfu.

Póst- og fjarskiptastofnun getur veitt undanþágu frá gæðakröfum varðandi tímamælingar í einstökum tilvikum vegna landfræðilegra aðstæðna, fjölda dreifingardaga eða vegna dreifingarnets alþjónustuveitanda. Póst- og fjarskiptastofnun skal tilkynna slíkar undanþágur til Eftirlitsstofnunar EFTA.

Alþjónustuveitandi skal árlega kanna gæði dreifingar innan alþjónustu.

Póst- og fjarskiptastofnun skal hafa eftirlit með því að gæðakröfur séu virtar og birta skýrslu um niðurstöður hennar.

26. gr.

Staðlar.

Póstrekendur skulu hafa að leiðarljósi staðla um póstmál sem staðfestir eru af Staðlaráði Íslands. Heimilt er að áskilja hið sama um staðla sem birtir eru í Stjórnartíðindum ESB einkum þegar efni þeirra fellur undir ákvæði 25. gr.

27. gr.

Öryggi póstsendinga.

Póstrekendur skulu tryggja örugga meðferð allra póstsendinga meðan þær eru í vörslu þeirra og verktaka þeirra. Póst- og fjarskiptastofnun skal setja reglur um öryggi póstsendinga og öryggismál á póstaftgreiðslum.

28. gr.

Skylda til að flytja póstsendingar.

Hver sá sem heldur uppi reglubundnum flutningum innan lands eða til útlanda er skyldugur til, ef þess er óskað, að flytja póstsendingar innan alþjónustu milli staða enda komi eðlileg greiðsla fyrir. Slíkar póstsendingar skulu njóta forgangs fram yfir annan póst- eða vöruflutning. Flutningsaðilar sem annast póstflutninga skulu tryggja örugga meðferð pósts.

Ef upp kemur ágreiningur á milli flutningsaðila og alþjónustuveitanda, t.d. um hvað telst eðlileg greiðsla, getur hvor aðili um sig borið ágreiningsefnið undir Póst- og fjarskiptastofnun.

29. gr.

Móttaka og afhending póstsendinga.

Póstrekendum er heimilt að setja í skilmála ákvæði um frágang póstsendinga sem þeir taka á móti. Skilmálarnir skulu vera skýrir og gætt skal jafnræðis. Póstrekendur skulu við móttöku

ganga úr skugga um að frágangur sendingar sé með þeim hætti að hægt verði að koma sendingunni til skila til viðtakanda.

Skylt er að dagstimpla þær póstsendingar sem teljast til almenns bréfaþósts upp að 2 kg hafi því verið lofað að póstsendingin bærist fyrir tiltekinn tíma. Dagstimplun skal sýna móttökudag póstsendinga.

Póstsendingu skal dreift til eða afhent þeim sem hún er stíluð á eða hefur umboð til viðtöku hennar, í bréfaþósti eða pósthólf viðtakanda, á afgreiðslustað eða sjálfsafgreiðslukassa eða þangað sem utanáskrift segir að öðru leyti til um.

Móttakendum póstsendinga er skylt að setja upp bréfaþósti og/eða bréfalúgu svo póstrekkendur geti komið póstsendingum til skila á hagkvæman hátt. Um staðsetningu bréfaþósti og/eða bréfalúgu skal fara eftir ákvæðum byggingarreglugerðar. Um staðsetningu bréfaþósti í dreifbýli, t.d. fjarlægð frá heimili eða atvinnuhúsnæði, skal kveðið á um í reglugerð um alþjónustu.

Póstrekkendum er heimilt að endursenda póstsendingar ef bréfaþósti eða póstlúgur viðtakanda eru ekki í samræmi við ákvæði byggingarreglugerðar eða reglugerðar um alþjónustu.

Póstsending telst vera í vörslu póstrekkanda og á ábyrgð hans frá móttöku og þar til hún hefur verið afhent á tilgreindum ákvörðunarstað.

Sendandi og/eða greiðandi burðargjalds telst eigandi póstsendingar sem hann hefur afhent póstrekkanda þar til hún hefur verið afhent viðtakanda. Sendandi hefur jafnframt ráðstöfunarrétt yfir sendingunni og er heimilt að gefa póstrekkanda ný fyrirmæli um póstmæðferð þar til hún hefur verið afhent tilgreindum viðtakanda. Póstrekkanda er heimilt að innheimta aukagjald vegna kostnaðar sem hlýst af nýjum fyrirmælum.

30. gr.

Óumbeðnar fjöldasendingar.

Póstrekkendum er skylt að virða merkingar notenda sem kveða á um að viðkomandi móttakandi óski ekki eftir óumbeðnum fjöldasendingum s.s. fjölpósti, fríblöðum eða almennu kynningarefni frá fyrirtækjum.

Tilkynningar veitufyrirtækja, t.d. fjarskipta-, vatns og rafmagnsveitna falla ekki hér undir ef verið er að tilkynna um tímabundið rof á þjónustu vegna framkvæmda og því um líkt.

31. gr.

Óskilasendingar.

Póstrekkandi skal setja sér reglur um meðferð óskilasendinga sem skulu hljóta samþykki Persónuverndar.

Póstrekkendur skulu gera allar eðlilegar ráðstafanir til að koma póstsendingum til skráðra viðtakanda. Póstsendingar sem ekki tekst að koma til skila vegna rangs eða ónógs heimilisfangs eða vegna þess að skráður viðtakandi hefur flust búferlum skal póstrekkandi endursenda til sendanda. Póstrekkendum er heimilt að endursenda til sendanda póstsendingar sem póstlagðar eru án þess að burðargjald hafi verið innt af hendi. Þegar póstsending í óskilum er ekki merkt sendanda og ekki er hægt að endursenda hana er póstrekkanda heimilt að opna póstsendinguna í

samræmi við reglugerð sem ráðherra setur. Við gerð og beitingu þessara reglna skal þess gætt að óskilasendingar geta innihaldið viðkvæmar persónuupplýsingar.

Póstsendingar sem fyrir mistök komast í hendur annars póstrekkanda en ætlað var að flytja sendinguna skulu tafarlaust sendar réttum póstrekkanda.

32. gr.

Óheimilar póstsendingar.

Óheimilt er að afhenda póstrekkanda sendingar með innihaldi sem er hættulegt eða ólöglegt fyrir móttakanda.

Ráðherra er heimilt að setja reglugerð um hvað telst vera ólöglegt innihald póstsendinga og um upplýsingaskyldu varðandi óheimilar póstsendingar.

33. gr.

Umbúðir póstsendinga.

Ganga skal tryggilega frá póstsendingum sem afhentar eru póstrekkendum í umbúðum. Póstrekkendur geta hafnað því að veita póstsendingum móttöku ef hættu er talin á því að umbúðir muni skemmast í höndum póstrekkandans. Móttaka póstsendinga með innihaldi sem getur valdið skaða, smiti eða veikindum er skilyrt því að rétt sé búið um sendinguna og hún merkt í samræmi við innihald. Dæmi um slíkt innihald eru lífræn, auðskemmd efni, smitefni og geislavirk efni.

Ráðherra er heimilt að kveða á um reglur um frágang, umbúðir og merkingu í reglugerð um framkvæmd póstpjónustu.

VIII. KAFLI

Meðferð kvartana og skaðabætur.

34. gr.

Meðferð kvartana.

Póstrekkendur skulu semja reglur um meðferð kvartana frá notendum. Póstrekkendur skulu upplýsa opinberlega árlega um fjölda kvartana og hvernig hefur verið tekið á kvörtunum notenda.

Póst- og fjarskiptastofnun skal sjá til þess að reglur skv. 1. mgr. gefi kost á skjótri og sanngjarnri lausn deilumála með endurgreiðslum og/eða skaðabótum þegar þær eiga rétt á sér.

Telji neytendur póstpjónustu eða aðrir sem hafa hagsmuna að gæta að póstrekkandi brjóti gegn lögum, skilyrðum sem mælt er fyrir um í almennum heimildum eða réttindum, getur hlutaðeigandi beint kvörtun til Póst- og fjarskiptastofnunar um að hún láti málið til sín taka, sbr. 10. gr. laga nr. 69/2003 um Póst- og fjarskiptastofnun.

35. gr.

Almennar sendingar.

Póstrekendum er ekki skylt að greiða skaðabætur fyrir almennan bréfapóst (óskráðar póstsendingar) sem glatast eða seinkar vegna óviðráðanlegra aðstæðna.

36. gr.

Rekjanlegar sendingar og bögglar.

Sendendur rekjanlegra sendinga og böggla skulu eiga rétt á skaðabótum fyrir slíkar sendingar sem glatast eða eyðileggjast að einhverju eða öllu leyti í vörslu póstrekkenda.

37. gr.

Tryggðar sendingar.

Sendandi tryggðrar sendingar sem glatast eða eyðileggst að einhverju leyti í vörslu póstrekkenda skal eiga rétt á skaðabótum jafnháum þeirri tryggingarupphæð sem tilgreind hefur verið við afhendingu sendingarinnar.

38. gr.

Fjármunasendingar.

Um fjármunasendingar fer samkvæmt lögum um greiðsluþjónustu.

39. gr.

Óbeint tjón.

Skaðabótaskylda samkvæmt þessum kafla nær aðeins til verðmætis þess hlutar sem glatast hefur eða rýrnunar sem stafar af skemmdum á sendingunni hjá póstrekkanda. Ekki er skylt að bæta fyrir ábata- eða afnotamissi, tjón vegna rýrnunar á verðgildi peninga eða verðbréfa eða aðrar óbeinar afleiðingar.

40. gr.

Póstsendingar milli landa.

Um skaðabætur fyrir póstsendingar milli landa skal farið eftir gildandi milliríkjasamningum. Glatist sending eða hún bíður tjón hjá póstrekkanda á íslensku landsvæði greiðast þó skaðabætur eins og um innlenda sendingu sé að ræða enda sé það hagstæðara fyrir tjónþola.

41. gr.

Sérstök tilvik.

Ef tjón stafar af ásetningi eða stórfelldu gáleysi póstrekkanda eða stafsmanna hans eða ef tjónið er slíkt og aðstæður allar þess eðlis að ábyrgðartakmarkanir þessa kafla þykja ekki eiga við getur

tjónþoli hvort heldur sem er leitað til almennra dómstóla með kröfu sína eða Póst- og fjarskiptastofnunar.

42. gr.

Fyrning skaðabótakröfu.

Skylda til greiðslu skaðabóta fellur niður sé þeirra ekki krafist innan sex mánaða frá því að viðkomandi póstsending var afhent til flutnings.

IX. KAFLI

Milliríkjasamningar, póstleynd o.fl.

43. gr.

Póstþjónusta við önnur lönd.

Ákvæði laga þessara gilda einnig um póstþjónustu við önnur lönd að svo miklu leyti sem þau brjóta ekki í bága við milliríkjasamninga um póstþjónustu.

Póst- og fjarskiptastofnun getur mælt fyrir um að alþjónustuveitandi taki þátt í samstarfi sem leiðir af alþjóðlegum skuldbindingum á sviði póstmála.

Við gerð samninga um endastöðvagjöld fyrir póstsendingar milli landa sem falla undir alþjónustu skulu alþjónustuveitendur hafa til viðmiðunar eftirtaldar grundvallarreglur:

1. Endastöðvagjöld skulu taka mið af kostnaði við póstmeðferð, þ.m.t. útburð.
2. Upphæð gjalda skal vera í samræmi við gæði þjónustu.
3. Endastöðvagjöld skulu vera gegnsæ og gætt skal jafnræðis.

44. gr.

Póstleynd.

Einungis má veita upplýsingar um póstsendingar og notkun póstþjónustu að undangengnum dómsúrskurði eða samkvæmt heimild í öðrum lögum.

Öllum sem starfa við póstþjónustu er óheimilt að gefa óviðkomandi aðilum upplýsingar um póstsendingar eða gefa öðrum tækifæri til þess að verða sér úti um slíka vitneskju. Enn fremur er þeim óheimilt að opna eða lesa það sem afhent er til póstsendingar. Þagnarskyldan helst þótt látið sé af starfi.

Um brot á þessari grein fer eftir ákvæðum almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

45. gr.

Undanþágur.

Þrátt fyrir ákvæði 44. gr. er heimilt að opna án dómsúrskurðar þær póstsendingar sem ekki er unnt að koma til skila til þess að freista þess að komast að því hverjir sendendur eru svo að unnt sé að endursenda þær enda sé það gert í samræmi við reglugerð sem ráðherra setur, sbr. 32. gr. Enn fremur er heimilt að leyfa að sendingar séu opnaðar þegar það er óhjákvæmilegt vegna flutnings þeirra eða til að kanna hugsanlegar skemmdir á innihaldi. Hið sama á við þegar rökstuddur grunur leikur á um að ekki hafi verið forsvaranlega búið um sendinguna vegna innihalds hennar eða að sending innihaldi hluti sem hættulegt getur verið að senda. Póstrekandi skal halda skrá yfir póstsendingar, aðrar en almennar póstsendingar sem eru opnaðar án dómsúrskurðar í samræmi við reglugerð sem ráðherra setur, sbr. 32. gr.

Póstrekanda sem hefur fengið heimild Póst- og fjarskiptastofnunar skv. 24. gr. til rafrænnar póstdreifingar er heimilt að opna póstsendingar í þeim tilgangi að yfirfæra þær á rafrænt form.

Um opnun á póstsendingum vegna ákvörðunar aðflutningsgjalda fer samkvæmt ákvæðum tollalaga nr. 88/2005.

Póstsendingar til einstaklinga sem úrskurðaðir hafa verið gjaldþrota má afhenda skiptastjórum eftir beiðni þeirra enda beri þær með sér að varða fjárhagsmálefni þrotamanns. Sendingar til látinna manna skal á sama hátt afhenda skiptastjóra þegar um opinber skipti er að ræða. Þegar um einkaskipti er að ræða skulu allar póstsendingar afhentar forráðamanni dánarbús nema þær beri með sér að vera einkabréf. Skal sending þá endursend með viðeigandi skýringu áritaðri á sendinguna sjálfa.

46. gr.

Almenn reglugerðarheimild.

Ráðherra er heimilt að setja í reglugerð nánari fyrirmæli um framkvæmd laganna, þar á meðal um:

- a. alþjónustu, þar á meðal um útfærslu alþjónustu, gæðakröfur, móttöku, afhendingu, útburð og dreifingu póstsendinga innan alþjónustu, sbr. 9. gr., 23. gr., 25. gr., 29. gr.,
- b. bókhald og gjaldskrár póstrekkenda, þar á meðal um aðferðir við eignamat, afskriftir, ávöxtunarkröfu og gerð kostnaðarlíkana, sbr. 18. gr.,
- c. bókhald alþjónustuveitanda og sundurgreiningu tekna og kostnaðar á milli alþjónustu og annarrar þjónustu, sbr. 20. gr.,
- d. rafræna póstdreifingu, sbr. 24. gr.,
- e. framkvæmd póstþjónustu, móttöku, söfnun, flokkun, flutning og afhendingu, þ.á m. varðandi óskilasendingar, sbr. 31. gr., frágang, umbúðir og merkingu póstsendinga, sbr. 33. gr. og ólögmeitt innihald póstsendinga og upplýsingaskyldu varðandi óheimilar póstsendingar, sbr. 32. gr.

47. gr.

Gildistaka.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 2017.

49. gr.

Breyting á lögum nr. 50/1988 um virðisaukaskatt.

Í 2. gr. laganna skal 7. tl. orðast svo:

Póstþjónusta vegna bréfasendinga sem og viðtaka og dreifing á öðrum árituðum bréfapóstsendingum, þar með talin póstkort, blöð og tímarit, og til almennra dreifisendinga og opinna bréfa.

Ákvæði til bráðabirgða

Íslandspóstur ohf. skal sinna alþjónustuskyldum samkvæmt lögum þessum til 1. júní 2017. Gæta skal að því að alþjónustukvaðir leiði eftir því sem hægt er ekki til ósanngjarnar kostnaðarbyrði fyrir alþjónustuveitanda og skal Íslandspósti ohf. heimilt að sækja um fjárstuðning vegna alþjónustu skv. 13. gr.

Póstrekstrarleyfi skv. lögum 19/2002 halda gildi sínu út árið 2016. Hyggist aðilar starfa áfram á sviði pósthjónustu þurfa aðilar að afla sér almennrar heimildar skv. þessum lögum.

Fyrir árslok 2016 skal Póst- og fjarskiptastofnun hafa lokið endurskoðun á alþjónustuskyldum og framkvæmt markaðskönnun í samræmi við lög þessi.

Ef forsendur á útnefningartímabilinu breytast verulega er Póst- og fjarskiptastofnun heimilt að gera breytingar á útfærslu álagðra alþjónustuskyldna.

Viðauki I.

Gæðakröfur vegna bréfa milli landa innan Evrópska efnahagssvæðisins

Gæðakröfur fyrir bréf milli landa innan Evrópska efnahagssvæðisins skulu í hverju landi settar um lengsta tíma fyrir pósthæðferð frá móttökustað til afhendingarstaðar og skal hann mældur fyrir pósthendingar sem eru í hraðasta flokki samkvæmt jöfnunni D+n þar sem D merkir móttökudag og n fjöldi virkra daga sem líða milli móttökudags og afhendingar sendingarinnar til hins áritaða móttakanda.

Móttökudagur skal teljast sá dagur þegar pósthendingin er lögð inn svo framarlega sem það á sér stað fyrir þann tíma sem tilkynnt hefur verið að síðasta söfnun pósts á þeim móttökustað sem um ræðir eigi sér stað. Þegar sending er lögð inn eftir þennan tíma skal móttökudagur teljast næsti söfnunardagur.

Viðauki II

Leiðbeiningar um útreikning á hreinum kostnaði alþjónustu, ef einhver

A-hluti: Skilgreining alþjónustuskyldna

Alþjónustuskyldur vísa til skyldna sem um getur í 3. gr. sem aðildarríki leggur á herðar veitanda pósthjónustu sem varða veitingu pósthjónustu á tilteknu landsvæði, þ.m.t., þar sem þörf krefur, samræmt verð á því landsvæði fyrir þá hjónustu eða veitingu ákveðinnar gjaldfrjálsrar hjónustu sem er fyrir blinda og sjónskerta.

Þær skuldbindingarnar geta m.a. verið eftirfarandi:

- fjöldi afhendingardaga, umfram það sem sett er fram í þessari tilskipun,
- aðgengi að afgreiðslustöðum til að fullnægja alþjónustuskyldunum,
- viðráðanleg gjaldskrá fyrir alþjónustu,
- samræmt verð og samræmd hjónusta,
- veiting ákveðinnar gjaldfrjálsrar hjónustu fyrir blinda og sjónskerta.

B-hluti: Útreikningur á hreinum kostnaði

Landsbundin stjórnvöld skulu leita allra leiða til að tryggja veitendum pósthjónustu viðeigandi hvatningu (hvort sem þau eru tilnefnd eða ekki) til að rækja alþjónustuskyldur með skilvirkum hætti að því er kostnað varðar.

Hreinn kostnaður alþjónustuskyldna er allur kostnaður er tengist, og er óhjákvæmilegur vegna reksturs alþjónustu. Hreinn kostnaður alþjónustuskyldna skal reiknaður sem mismunur á hreinum kostnaði tilnefnds veitanda alþjónustu sem er gert skylt að veita alþjónustu og kostnaði sama veitanda pósthjónustu án þeirrar skyldu að veita alþjónustu.

Útreikningarnir skulu taka með í reikninginn alla aðra viðkomandi þætti, þ.m.t. ófnislegan ávinning og markaðsávinning sem falla til pósthjónustuveitanda sem er tilnefndur til að veita alþjónustu, rétt á sanngjörnum hagnaði og hvata til kostnaðarhagkvæmni.

Vandlega skal hugað að því að meta með réttum hætti kostnað sem tilnefndur veitandi alþjónustu hefði kosið að komast hjá hefði ekki verið um neinar alþjónustuskyldur að ræða. Við útreikning á hreinum kostnaði skal meta ávinning, þ.m.t. ófnisleg hlunnindi, sem rekstraraðili, sem veitir alþjónustu, nýtur.

Útreikningur skal grundvallast á kostnaði sem hægt er að heimfæra á:

- i. Þætti í viðkomandi þjónustu sem aðeins er hægt að veita með tapi eða hafa í för með sér meiri kostnað en eðlilegt getur talist í viðskiptum. Þessi flokkur getur falið í sér þjónustubætti svo sem þjónustu sem skilgreind er í A-hluta,
- ii. tiltekna notendur eða hópa notenda sem aðeins er hægt að þjóna með tapi eða með meiri kostnaði en eðlilegt getur talist í viðskiptum, að teknu tilliti til kostnaðar og tekna vegna starfrækslu viðkomandi þjónustu og þeirra samræmdu gjalda sem aðildarríkið ákveður.

Undir þennan flokk falla þeir notendur og hópar notenda sem fengju enga þjónustu hjá rekstraraðila sem starfaði á viðskiptagrundvelli og væri ekki skylt að veita alþjónustu.

Útreikningur á hreinum kostnaði við sérstaka þætti alþjónustuskyldna skal fara fram aðskilið og með þeim hætti að komist sé hjá því að tvítelja hvers kyns bein eða óbein hlunnindi og kostnað. Hreinan heildarkostnað tilnefnds veitanda alþjónustu, sem hlýst af alþjónustuskyldu, skal reikna sem summuna af hreinum kostnaði sem hlýst af tilteknum þáttum alþjónustuskyldu, að teknu tilliti til hvers kyns óefnislegra hlunninda. Landsbundna stjórnvaldið ber ábyrgðina á því að sannprófa hver sé hreinn kostnaður. Veitandi alþjónustu skal vera í samstarfi með landsbundna stjórnvaldinu til að gera því kleift að sannprófa hreina kostnaðinn.

C-hluti: Hreinn kostnaður við alþjónustuskyldur endurheimtur

Endurheimt eða fjármögnun hreins kostnaðar við alþjónustuskyldur getur krafist þess að tilnefndum veitendum alþjónustu, sé bætt upp fyrir þjónustu, sem þau veita, sem er ekki veitt á venjulegum viðskiptagrundvelli. Þar sem slíkar bætur fela í sér tilfærslu fjármagns skulu aðildarríkin tryggja að þær séu gerðar með þeim hætti að þær séu hlutlægar, gagnsæjar, án mismununar og hlutfallsbundnar. Þetta hefur í för með sér að tilfærslurnar valda, að svo miklu marki sem það er unnt, minnstu röskun á samkeppni og eftirspurn.

Í sameiginlegu kerfi sem byggt er á sjóði sem um getur í 4. mgr. 7. gr. skal notast við gagnsætt og hlutlaust kerfi til innheimtu fjárframlaga sem forðast tvöfalda álagningu á bæði ílag og frálag fyrirtækja.

Óháði aðilinn, sem fer með stjórn sjóðsins, skal bera ábyrgð á því að innheimta framlög frá fyrirtækjum sem metið hefur verið að beri skylda til að taka þátt í hreinum kostnaði við alþjónustuskyldur í aðildarríkinu og hafa yfirumsjón með tilfærslu upphæða til fyrirtækja sem eiga rétt á að fá greiðslur úr sjóðnum.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

I. Inngangur

Frumvarp þetta er samið í innanríkisráðuneytinu að höfðu samráði við Póst- og fjarskiptastofnun og fjármála og efnahagsráðuneyti. Þá leitaði innanríkisráðuneytið eftir ráðgefandi álitum sérfræðinganna Benedikts Árnasonar, efnahagsráðgjafa forsætisráðherra, og Jónu Bjarkar Helgadóttur hrl., fyrrverandi formanns úrskurðarnefndar fjarskipta- og póstmála.

Breytingarnar sem hér eru lagðar fram eiga sér langan aðdraganda en tildrög þeirra eiga fyrst og fremst rætur að rekja til breytinga á regluverki Evrópusambandsins á sviði pósthjónustu. Þær lúta m.a. að því að opna póstmarkaðinn fyrir samkeppni með því að afnema einkarétt ríkja á sviði pósthjónustu.

Með frumvarpi þessu er lagt til að stigið verði lokaskrefið í afnámi einkaréttar hins opinbera á sviði pósthjónustu en pósthjónusta hér á landi hefur hingað til lotið einkarétti ríkisins. Með lögum nr. 31/1940 var einkaréttur skilgreindur fyrir lokaðar áritaðar bréfasendingar allt að 2 kg. Með lögum nr. 142/1996 var pósthjónusta Evrópusambandsins 97/67/EB innleidd í íslenskan rétt (hér eftir nefnd pósthjónustunin), þar sem öllum þegnum var tryggð grunnhjónusta. Árið 1998 var dregið úr einkarétti ríkisins og einkarétturinn bundinn við 250 g bréfasendingar. Í núgildandi lögum nr. 19/2002 er miðað við að bréf undir 50 g séu háð einkarétti, sbr. tilskipun 2002/39/EB. Með því frumvarpi sem hér er lagt fram er stigið lokaskrefið í afnámi einkaréttar en frumvarpið byggist m.a. á tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2008/6/EB um breytingar á pósthjónustu 97/67/EB (þriðja pósthjónustunin). Auk þess að lagðar eru til breytingar á starfsumhverfi pósthjónustunnar er jafnframt lagt til að eftirlit með pósthjónustu verði einfaldað, m.a. varðandi eftirlit með gjaldskrá alþjónustu. Eftir sem áður verður alþjónusta, grunnhjónusta á sviði pósthjónustu, tryggð borgurunum en leitast við að gera það á sem hagkvæmasta máta.

II. Tilfni og nauðsyn lagasetningar

Markmið laga þessara er að tryggja hagkvæma, virka og áreiðanlega pósthjónustu hér á landi m.a. með því að tryggja notendum aðgang að alþjónustu, eins og hún er skilgreind og með því að efla samkeppni á markaði fyrir pósthjónustu, með því að afnema einkarétt ríkisins.

Ísland hefur fyrir tilstilli EES samningsins innleitt tilskipanir og reglugerðir Evrópusambandsins er varða pósthjónustu frá árinu 1997 og 2002, fyrst á árinu 1998 og síðan á árunum 2003 og 2005. Þriðja pósthjónustunin Evrópusambandsins gerir ráð fyrir afnámi einkaréttar en flest ríki sambandsins afnámu einkarétt á pósthjónustu fyrir 1. janúar 2011 í samræmi við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins nr. 2008/6 um afnám einkaréttar í pósthjónustu. Öll ríki sambandsins hafa í dag afnumið einkaréttinn en löndin innan EES hafa enn ekki gert það að fullu, þó að til standi að taka tilskipunina upp í EES samninginn og kjölfarið innleiða hana í öllum ríkjum EES. Ástæðan fyrir þeim tölum sem urðu á innleiðingu þriðju pósthjónustunnarinnar er að þrátt fyrir að tilskipunin væri merkt EES tæk þá gerðu Norðmenn stjórnskipulegan fyrirvara við upptöku hennar en málið varð að kosningamáli í Noregi á sínum tíma. Fyrrverandi innanríkisráðherra Íslands ákvað þá að fylgja Norðmönnum að málum og fresta innleiðingu hér á landi. Með nýrri ríkisstjórn í Noregi sem og á Íslandi hefur verið ákveðið að taka tilskipunina inn í EES samninginn, ljúka innleiðingu og leggja fram frumvarp til nýrra póstlaga.

Á Íslandi fer íslenska ríkið með einkarétt en hefur falið Íslandspósti ohf. að annast hann. Einkaréttur er á eftirfarandi.

- Bréfum undir 50 g
- Útgáfu frímerkja
- Uppsetningu póstkassa
- Auðkenni Íslandspósts (póstlúður)

Tilgangur einkaréttar hefur ávallt verið að standa undir kostnaði við og viðhalda alþjónustu í pósthjónustu. Alþjónusta hefur verið skilgreind sem ákveðin lágmarkshjónusta sem allir íbúar eiga rétt á, óháð staðsetningu. Samkvæmt 3. mgr. 6. gr. laga nr. 19/2002 skal í alþjónustu að lágmarki vera innifalinn „aðgangur að póstafgreiðslu og pósthjónustu vegna bréfa og orðsendinga með utanáskrift, annarra sendinga með utanáskrift, markpósts og dagblaða, vikublaða, tímarita, bóka og verðlista með utanáskrift, ábyrgðarsendinga, tryggðra sendinga, fjármunasendinga og blindrasendinga allt að tveimur kílóum og bögglasendinga allt að tuttugu kílóum...“

Í þriðju póstillskipun ESB er ekki gert ráð fyrir grundvallarbreytingum á inntaki alþjónustu. Hins vegar hafa aðildarríki sambandsins, og þá um leið EES ríkin, nokkurt svigrúm til að útfæra alþjónustuskyldur með hliðsjón af aðstæðum í hverju landi. Sú breyting er hér lögð til á innihaldi alþjónustu að markpóstur falli ekki lengur undir skilgreiningu alþjónustu.

Nauðsynlegt er nú við afnám einkaréttar að yfirfara og skoða þær skyldur sem hingað til hafa hvílt á Íslandspósti á grundvelli alþjónustu og taka til vandlegrar skoðunar að hve miklu leyti fyrirtækið eða aðrir rekstraraðilar geti staðið undir óbreyttum skyldum þegar einkaréttur verður afnuminn. Tekjur af einkarétti hafa staðið undir kostnaði fyrirtækisins við að halda uppi pósthjónustu um land allt. Í tilskipuninni er gert ráð fyrir að tryggja megi alþjónustu fyrir neytendur með því að setja alþjónustuna sem skilyrði fyrir leyfi til póstdreifingar. Heimilt er að bjóða alþjónustuna út eða útnefna sérstakan alþjónustuveitanda til að tryggja notendum aðgang að alþjónustu. Val er í tilskipuninni um að fjármagna þjónustuna af skattfé eða með jöfnunargjaldi sem lagt er á pósthjónustufyrirtæki eða notendur.

Nú er svo komið að með minnkandi póstmagni getur einkaréttur ekki lengur staðið undir kostnaði við að viðhalda alþjónustu, miðað við óbreytta þjónustu innan alþjónustu. Núgildandi lög gera ráð fyrir því að alþjónustuveitandi geti sótt um fjárframlög vegna kostnaðar við alþjónustu úr jöfnunarsjóði alþjónustu, telji alþjónustuveitandi að alþjónusta sem honum er skylt að veita samkvæmt rekstrarleyfi, sé rekin með tapi eða sé óarðbær. Til að standa straum af greiðslu fjárframlaga úr jöfnunarsjóði alþjónustu er heimilt að innheimta jöfnunargjald af starfandi póstrekendum. Sjóðurinn hefur aldrei verið virkjaður en sambærilegt fyrirkomulag fyrirfinnst þó í lögum um fjarskipti, nr. 81/2003. Á sviði fjarskipta hefur slíkt fyrirkomulag nýst vel til að standa undir tilteknum alþjónustukvöðum sem ekki hefur reynst unnt að veita á markaðslegum forsendum. Sá munur er þó á fjarskiptamarkaði og póstmarkaði að verulega ber á milli þegar litíð er til stærðar markaða. Umfang veltu póstmarkaðar hér á landi er um 8 milljarðar króna. Væri jöfnunargjald 0,5% af veltu allra póstrekinda, yrðu tekjur jöfnunarsjóðs því um 40 m.kr. á ári. Það leiðir því af smæð póstmarkaðarins hér á landi að ekki verður talið hagkvæmt og skilvirkt að setja á fót jöfnunarsjóð alþjónustu. Sú leið sem hér er lögð til miðast því við að sýni alþjónustuveitandi fram á að alþjónusta, sem honum er skylt að veita, teljist ósanngjörn byrði

getur hann sótt um fjárstuðning, sem sé þá greiddur úr ríkissjóði. Í frumvarpinu er gert ráð fyrir að Póst- og fjarskiptastofnun yfirfari umsókn alþjónustuveitanda um fjárstuðning. Engu að síður er leitast við að alþjónusta verði veitt á markaðslegum forsendum og reynt að tryggja aðgang landsmanna að pósthjónustu á sem hagkvæmasta máta geti markaðurinn ekki staðið undir þjónustunni.

Um mikilvægi pósthjónustu

Með bætum fjarskiptum og samgöngum hefur á undanförunum árum dregið úr mikilvægi pósthjónustu hér á landi, sér í lagi hvað varðar dreifingu á hefðbundnum bréfum, s.s. útsendingu á reikningum, launamiðum og öðru slíku. Kom það glögg í ljós þegar innanríkisráðuneytið lét í aðdraganda að gerð frumvarpsins gera viðhorfskönnun meðal landsmanna í samvinnu við Póst- og fjarskiptastofnun um viðhorf til pósthjónustu. Í könnuninni, sem var gerð í apríl 2012, var meðal annars spurt hversu vel það myndi henta viðkomandi að fá póstinn þrisvar í viku í stað fimm sinnum í viku. Um 60% svarenda töldu það henta þrýðilega, um 40% lýstu sig óánægð með slíka fækkun póstdreifingardaga en einungis tæp 3% voru tilbúin til að greiða fyrir daglega afhendingu þrátt fyrir að lýsa yfir óánægju með mögulega fækkun póstdreifingardaga. Þá vildi ríflega 45% aðspurðra fá meira af rafrænum pósti umfram hefðbundinn, en rúmlega 9% vildi minna af rafrænum pósti. Þá sögðu rösklega 62% að fækkun pósthúsa skipti sig litlu eða engu máli. Niðurstöður könnunarinnar eru um margt athyglisverðar. Ekki síst vegna þess að þótt spurt hafi verið um skerðingu á þjónustu virðist sem pósthjónusta sé ekki eins mikilvæg í hugum fólks eins og áður var. Helgast það eflaust af því að þjónusta fjármálastofnana og opinberra aðila fer nú almennt fram rafrænt auk þess sem flestir landsmenn nota rafrænan póst. Nokkur munur er á afstöðu fólks eftir aldri svarenda en eftir því sem fólk er eldra er líklegra að það fái áritaðan póst. Könnunin var kynnt á vef innanríkisráðuneytis þann 18. júlí 2013.

Í september 2015 var leitað á ný eftir sjónarmiðum landsmanna og voru notendur spurðir hversu oft þeir teldu sig þurfa að fá pósti dreift heim til sín. Svör voru á þá leið að 14,6% töldu sig þurfa 5 daga póstdreifingu, 22,5% töldu nægjanlegt að fá póst 3-4 sinnum í viku, 28,3% töldu sig þurfa að fá póst heim 1-2 í viku, og 9% töldu sig ekki þurfa hefðbundna pósthjónustu. Jafnframt voru landsmenn spurðir hvernig það myndi henta að pósti yrði dreift þrisvar í viku. 76,9% töldu að það myndi henta þrýðilega að fá póst þrisvar í viku. Af þessu má sjá að það er merkjanlegur munur frá niðurstöðum könnunarinnar árið 2012 og afgerandi niðurstöður að 85,4% landsmanna telja óþarfa að fá 5 daga pósthjónustu.

Þessar niðurstöður eru í samræmi við þá staðreynd að fjöldi bréfa innan einkaréttar hefur farið stöðugt minnkandi á undanförunum árum. Hinn hefðbundni póstur á í harðri samkeppni við rafræna samskiptamiðla og bæði almenningur og fyrirtæki notast í auknum mæli við aðrar samskiptaleiðir en hina hefðbundnu pósthjónustu. Með tilkomu rafrænna samskiptalausna gegnir pósthjónusta ekki sama hlutverki og áður fyrr.

Á sama tíma hefur þó verið stöðugur vöxtur í dreifingu á böggjum og pakkasendingum ýmiss konar, hvort sem um er að ræða sendingum sem sendar eru sem póstsending með Íslandspósti, hraðsendingum með hraðsendingarfyrirtækjum eða vöruflutningum með landflutningsfyrirtækjum. Gera má ráð fyrir að áfram verði vöxtur í bögglaflutningum hér á landi, hvort heldur sem er með Íslandspósti eða öðrum aðilum. Er þetta sama þróun og merkja má alls staðar í löndum innan Evrópusambandsins þar sem gríðarlegur vöxtur er í netverslun með tilheyrandi póst- og pakkasendingum milli landa á meðan hefðbundinn bréfpóstur dregst saman.

Af ofangreindu verður ekki dregin önnur ályktun en sú að mikilvægi hinnar hefðbundnu pósthjónustu sem samskiptamiðils hefur breyst, hvort heldur sem er milli einstaklinga eða fyrirtækja. Engu að síður gegnir pósthjónusta enn mikilvægu hlutverki ekki síst fyrir atvinnulíf og gegnir til að mynda lykilhlutverki í vefverslun. Í nýlegri stefnu Evrópusambandsins um „Digital Single Market“ (DSM) er lögð sérstök áhersla á að virk og áreiðanleg pósthjónusta sé grundvöllur virkrar vefverslunar milli landa.

Samanburður við erlend ríki

Öll aðildarríki Evrópusambandsins uppfylla þegar ákvæði tilskipunarinnar.

Í flestum aðildarríkjum hefur þróunin orðið sú að þrátt fyrir opnun markaða eru fyrrverandi einkaleyfishafar enn með markaðsráðandi stöðu á póstmarkaði. Þó hefur myndast samkeppni í þéttbýli í sumum löndum, t.d. í Svíþjóð. Víðast hvar hefur alþjónusta verið tryggð með því að útnefna alþjónustuveitanda, sem er þá iðulega fyrrverandi einkaleyfishafi viðkomandi ríkis, en sum ríki gera ráð fyrir að tryggja aðgang notenda að alþjónustu með útboði.

Alþjónusta stendur að fullu undir sér í nokkrum löndum Evrópu á markaðslegum forsendum. Má þar nefna Svíþjóð, Þýskaland og Holland. Í öðrum aðildarríkjum þurfa yfirvöld að jafnaði að styrkja rekstur alþjónustu.

Í Danmörku var einkaréttur afnuminn í byrjun árs 2011. Þar í landi er Post Danmark útnefndur alþjónustuveitandi. Var jöfnunarsjóður alþjónustu settur á fót til þess að standa straum af kostnaði við alþjónustu. Í sjóðinn greiða þeir póstrekendur sem ekki eru útnefndir alþjónustuveitendur en veita samt þjónustu sem fellur innan alþjónustuskýldna. Til þess að fá framlag úr sjóðnum þarf alþjónustuveitandi að leggja fram bókhaldsgögn sem sýna fram á nettó kostnað hans af veitingu alþjónustu.

Í Finnlandi er Itella Posti Oy tilnefnt sem alþjónustuveitandi. Sýni alþjónustuveitandi þar í landi fram á það með sannarlegum hætti að hann verði fyrir kostnaði vegna alþjónustukvaða getur hann sótt um endurgreiðslu á þeim kostnaði úr ríkissjóði. Gert er ráð fyrir því í lögum að dreifa megi þeim kostnaði á póstrekendur í landinu.

Í Svíþjóð var einkaréttur til póstdreifingar afnuminn árið 1993. Þar hefur myndast nokkur samkeppni á póstmarkaði. Posten AB, sem áður var handhafi einkaréttar, er tilnefndur sem veitandi alþjónustu á landsvísu. Þar í landi er þó enginn jöfnunarsjóður alþjónustu sökum þess að yfirvöld meta slíkan sjóð óþarfan og ekki hafa verið veittir ríkisstyrkir til Posten AB síðan árið 2007. Í Svíþjóð er heimilt að bjóða út alþjónustu en ekki hefur reynst þörf á því heldur hefur verið gerður samningur við gamla einkaleyfishafann um að tryggja notendum aðgang að alþjónustu. Þess skal getið að það hefur ekki verið talið felast í því fjárhagsleg ósamngjörn byrði enda líta sænsk stjórnvöld svo á að alþjónustuveitandi njóti samkeppnislegs hagræðis vegna stöðu sinnar sem alþjónustuveitandi.

Ný póstlög tóku gildi 1. janúar 2016 í Noregi. Í Noregi hefur norski pósturinn verið útnefndur sem alþjónustuveitandi. Alþjónustuveitandi á rétt á fjárstuðningi vegna þess hluta alþjónustu sem telst ósamngjörn byrði á fyrirtækinu.

Í Þýskalandi hefur ekki reynst þörf á að útnefna eða bjóða út pósthjónustu og hefur þar tekist að tryggja alþjónustu á markaðslegum forsendum. Í þýskum póstlögum er kveðið á um að heimilt sé

að bjóða þjónustuna út að undangenginni markaðskönnun. Þar er þó gert ráð fyrir þeim möguleika að settur sé á laggirnar alþjónustusjóður en heimildir laga um slíkan sjóð hafa ekki verið nýttar enn sem komið er.

Þróun póstmárkaðar á Íslandi

Árið 1940 voru fyrst sett lög sem kváðu á um einkarétt hins opinbera til flutnings á bréfum og öðrum sendingum, sbr. lög nr. 31/1940. Fimm árum áður, 1935, hafði fyrirtækið Póstur og sími verið sett á fót. Póstþjónusta hafði engu að síður verið alfarið á hendi hins opinbera fram að því. Upphaf pósthjónustu á Íslandi má rekja til tilskipunar Kristjáns konungs sjöunda um pósthöfnun á Íslandi frá árinu 1776. Samkvæmt tilskipuninni skyldi póstur ganga þrisvar á ári úr hverjum landsfjórðungi til Bessastaða í tengslum við pósthöfn milli Íslands og Danmerkur. Stjórn og skipulag pósthálla var í höndum stiftamtmanns og sýslumanna. Í tilskipuninni er skýrt tekið fram að pósthöfnun sé fyrst og fremst komið á fót til þess að áriðandi embættisbréfum verði greiðlega komið áfram. Fyrsta pósthöfnin var aftur á móti ekki farin fyrr en 1782 og pósthöfnir í samræmi við tilskipunina frá 1776 hófust með reglubundnum hætti árið 1785. Um miðja 19. öld munu pósthöfnir hafa verið allt að sex á ári. Milli Danmerkur og Íslands sigldi pósthöfn reglulega allt frá árinu 1778, fyrst einu sinni á ári en á árinu 1852 var þeim fjölgað í fjórar á ári. Fyrsta pósthúsið var opnað í Reykjavík árið 1873 sama ár og fyrsta frímerkið var gefið út. Sama ár var gefin út ný tilskipun um póstháll á Íslandi og rekstur pósthjónustu falinn sérstakri ríkisstöfnun, Pósthjónunni. Tilskipunin gerði ráð fyrir að stofnsettar yrðu pósthöfnir og bréfhöfnir. Árið 1901 voru svo sett fyrstu lög um pósthjónustu. Árið 1996 hófst vinna við að innleiða tilskipanir Evrópusambandsins á sviði pósthjónustu og var Pósti og síma breytt í hlutfélag árið 1997. Við uppskiptingu fyrirtækisins árið 1998 varð Íslandspóstur ohf. til. Íslandspóstur ohf. er að fullu í eigu ríkisins og hefur sinnt hlutverki alþjónustuveitanda sem og farið með einkarétt ríkisins.

Íslenskur pósthöfn er frábrugðinn mörgum öðrum mörkuðum í Evrópulöndum og er sérstakur fyrir þær sakir hve landið er strjálbýlt. Slíkt hefur mikið að segja þar sem verulegur munur er að jafnaði á dreifingarkostnaði í þéttbýli og dreifbýli. Af því leiðir að stór hluti landsins getur tæplega talist hagkvæmt markaðssvæði og í raun er pósthjónusta eingöngu arðbær á þéttbýlustu svæðum landsins. Þar sem landið er eitt gjaldsvæði er pósthjónusta utan höfuðborgarsvæðisins nú greidd niður með hagnaði af pósthjónustu innan höfuðborgarsvæðisins. Nokkur áskorun felst því í því að tryggja alþjónustu fyrir neytendur á strjálbýlum svæðum.

Eins og áður hefur verið nefnt hafa bréfasendingar dregist mikið saman á undanfönum árum. Samkvæmt upplýsingum frá Íslandspósti og Póst- og fjarskiptastöfnun hefur bréfum innan einkaréttar fækkað um 57% frá árinu 2000 til ársins 2015 eða úr 60 milljónum bréfa í um 26 milljónir bréfa. Á sama tíma hefur orðið um 30% aukning á fjölda íbúða á landinu. Rekstur Íslandspósts hefur verið í jánnum undanfarin ár og hafa stjórnendur fyrirtækisins unnið að undirbúningi fyrirtækisins fyrir opnun markaða með því að hagræða í rekstri. Hefur hagræðing einna helst falist í breyttri þjónustu á landsbyggðinni, hagræðing í dreifingu í þéttbýli og fækkun starfsmanna með skipulagsbreytingum. Þá hefur Íslandspóstur í einstaka tilfellum fengið undanþágur frá veitingu lögboðinnar fimm daga þjónustu á afar óhagkvæmum svæðum í dreifbýli og dreifir pósti sjaldnar á þeim svæðum, sbr. ákvarðanir PFS nr. 5/2008 og 6/2008. Með ákvörðun nr. 34/2015 veitti stofnunin Íslandspósti heimild til þess að fækka dreifingardögum enn frekar, sbr. 2. og 4. mgr. 10. gr. reglugerðar nr. 364/2003 eins og henni var breytt með reglugerð

nr. 868/2015. Telja verður að slík hagræðing sé nauðsynleg og eðlileg miðað við þróun á eftirspurn eftir þjónustunni og kostnað við að veita þjónustuna.

III. Meginefni frumvarpsins

Afnám einkaréttar

Með frumvarpi þessu er lagt til að stigið verði lokaskrefið í afnámi einkaréttar hins opinbera á sviði pósthjónustu en pósthjónusta hér á landi hefur hingað til lotið einkarétti ríkisins. Með lögum nr. 31/1940 var einkaréttur skilgreindur fyrir lokaðar áritaðar bréfasendingar allt að 2 kg. Með lögum nr. 142/1996 var pósthilskipun Evrópusambandsins 97/67/EC innleidd í íslenskan rétt þar sem öllum þegnum var tryggð grunnþjónusta. Árið 1998 var dregið úr einkarétti ríkisins, og einkarétturinn bundinn við 250 g bréfasendingar. Í nágildandi lögum nr. 19/2002 er miðað við að bréf undir 50 g séu háð einkarétti. Með því frumvarpi sem hér er lagt fram er stigið lokaskrefið í afnámi einkaréttar en frumvarpið byggist m.a. á tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2008/6/EC. Þá er með frumvarpinu reynt að styrkja samkeppnisumhverfi á sviði pósthjónustu og reynt að draga úr opinberu eftirliti án þess að það komi niður á þjónustu við notendur.

Alþjónusta

Eftir sem áður er aðgengi notenda að alþjónustu tryggt. Í frumvarpinu er kveðið á um inntak alþjónustu, þ.e. þeirri pósthjónustu sem landsmenn eiga rétt á. Þá eru skilgreindar leiðir til þess að tryggja að þeirri þjónustu sé viðhaldið í samræmi við eftirspurn eftir þjónustunni.

Í frumvarpinu er gert ráð fyrir því að Íslandspóstur muni fyrst um sinn bera skyldu til að veita alþjónustu innan pósthjónustu um land allt. Óvíst er hvort annað fyrirtæki á markaði muni geta uppfyllt þær þjónustukröfur sem í dag eru gerðar um pósthjónustu. Nægir þar að nefna kröfu um aðgang að afgreiðslustað, kröfu um dreifingu um landið allt, meginregluna um fimm daga útburð, sem og kröfu um ákveðin þjónustugæði, t.d. um að 85% af pósti í hraðasta flokki eigi að bera út daginn eftir móttöku. Í frumvarpinu er því gert ráð fyrir að Íslandspóstur muni gegna alþjónustuskuldum a.m.k. í eitt ár frá gildistöku laganna og að Póst- og fjarskiptastofnun muni hefja undirbúning að markaðskönnun áður en aðlögunartíminn rennur út þar sem tekið verður mið af þeim aðstæðum sem þá eru á markaði. Séu markaðsaðstæður með þeim hætti að markaðsaðilar geti ekki leyst af hendi alþjónustu á landsvísi þarf að tryggja alþjónustu með öðrum hætti. Er þá gert ráð fyrir því að hægt sé að bjóða út alþjónustuna. Ef í ljós kemur að útboð leiðir ekki til hagkvæmrar og skilvirkrar niðurstöðu er hinsvegar heimilt að útnefna alþjónustuveitanda og leggja alþjónustuskuldur á póstrekkanda.

Útlit er fyrir að á stærstu þéttbýlisstöðum muni samkeppni uppfylla þarfir neytenda og þar muni alþjónustunni verða sinnt án utanaðkomandi fjármögnunar. Á minni þéttbýlisstöðum, þ.e. stöðum sem hafa færri en 500 póstoffng, og í dreifbýli má ætla að hugsanlega gæti þurft að koma til sérstök fjármögnun eða breyting á þjónustustigi til lækkunar á kostnaði við alþjónustu.

Hvað varðar aðra aðila sem stefna að því að hasla sér völl á póstmarkaði er gert ráð fyrir því að ekki sé skylda til þess að reka eigið dreifinet um land allt en þó er gert ráð fyrir því að aðilar þurfi að tryggja sér aðgengi að slíku neti. Yrði slíkt gert á markaðslegum forsendum eða með samkomulagi við alþjónustuveitanda á hverju svæði.

Aðgangur að afgreiðslustað

Aðgangur notenda að afgreiðslustað er eitt þeirra atriða sem fellur undir skilgreiningu á alþjónustu. Til að tryggja þetta aðgengi notenda er gert ráð fyrir að Póst- og fjarskiptastofnun setji lágmarksviðmið um fjölda afgreiðslustaða sem falla undir alþjónustu.

Þá er og gert ráð fyrir að hugtakið afgreiðslustaður verði skilgreint sem aðstaða, t.d. húsnæði, bifreiðar eða sjálfvirkir afgreiðslustaðir þar sem almenningur getur nálgast pósthjónustu.

Með þessum breytingum er áherslan varðandi aðgengi að afgreiðslustað að einhverju leyti flutt á þjónustuna sjálfa án þess að tiltekið sé nákvæmlega að veita skuli hana t.d. í hefðbundnum afgreiðslustað, sbr. í núgildandi lögum nr. 19/2002 er talað um pósthús.

Fimm daga þjónusta

Árið 2002 var landsmönnum tryggð fimm daga þjónusta við dreifingu pósts en fyrir þann tíma var pósti dreift þrjá daga vikunnar.

Meginreglan hvað varðar póstsendingar innan alþjónustu er söfnun og dreifing alla virka daga. Með tilkomu bættra fjarskipta hefur hins vegar dregið nokkuð úr mikilvægi fimm daga dreifingar í pósthjónustu. Þá liggur fyrir að stórir sendendur pósts, t.d. innan einkaréttar, hafa dregið umtalsvert úr sendingum á hefðbundnum pósti og hafa í auknum mæli skipt yfir í ýmsar rafrænar lausnir. Líklegt er að sú þróun muni halda áfram. Mikilvægi daglegs útburðar á almennum bréfum hefur því farið sífellt minnkandi.

Afleiðing minnkandi bréfamagns á undanförunum árum er aukinn þrýstingur á hækkun gjaldskráa Íslandspósts enda á sú gjaldtaka að standa undir kostnaði fyrirtækisins af þjónustu við almenning og fyrirtæki. Í gildandi lögum er gert ráð fyrir að gjaldskrár fyrirtækisins innan alþjónustu taki mið af raunkostnaði að viðbættum hæfilegum hagnaði. Sú keðjuverkun getur því myndast að minnkandi póstmagn hækki gjaldskrá Íslandspósts nánast sjálfkrafa sem getur haft áhrif á eftirspurn eftir þjónustu fyrirtækisins og ýtt undir frekari fækkun póstsendinga. Afleiðing þessa er að fyrirtækið sem alþjónustuveitandi getur ekki til langframa staðið undir svo víðtækri dreifingarskyldu, sem núverandi alþjónustukvöð um dreifingu alla virka daga leggur á fyrirtækið, nema hugsanlega með framlögum úr ríkissjóði.

Í frumvarpinu er gert ráð fyrir að Póst- og fjarskiptastofnun framkvæmi markaðskönnun. Liður í þeirri könnun er að kanna eftirspurn eftir fjölda dreifingardaga þannig að hægt sé að meta þær lágmarkskvaðir sem rétt þykir að leggja á alþjónustuveitanda samkvæmt reglum um alþjónustu, t.d. að teknu tilliti til kostnaðar. Innanríkisráðuneytið hefur þegar stigið eitt skref í þá átt að minnka tíðni dreifingar þar sem dýrast hefur verið að dreifa í dreifbýli, sbr. breytingar sem til eru komnar með reglugerð 868/2015 um breytingu á reglugerð nr. 364/2003 um alþjónustu og framkvæmd pósthjónustu. En þar er miðað við að heimilt sé að fækka dreifingardögum í annan hvern virkan dag ef kostnaður er þrefalt hærri en samskonar kostnaður í þéttbýli. Í þéttbýli er pósti dreift samkvæmt svokölluðu X/Y dreifikerfi sem felur í sér að meiri hluta pósts er dreift í helming hverfis einn daginn og hinn helming næsta dag en yfir 70% bréfasendinga er B-póstur. Samkvæmt gæðakröfum á A-póstur að berast daginn eftir póstlagningu.

IV. Samræmi við stjórnarskrá og alþjóðlegar skuldbindingar

Frumvarpið felur í sér upptöku á efnisákvæðum póstilskipunar 2008/6/EB, sbr. tilskipun 97/67/EB, líkt og fram hefur komið hér að ofan. Frumvarpið þótti ekki kalla á sérstaka skoðun á samræmi við stjórnarskrá.

V. Samráð

Eins og fram hefur komið er frumvarp þetta unnið í innanríkisráðuneytinu og var þar m.a. stuðst við vinnu ráðgjafa á árinu 2015. Leituðu ráðgjafarnir jafnframt eftir sjónarmiðum stærstu fyrirtækja á póstmargaði. Þá voru framkvæmdar kannanir þar sem leitast var við að fá sjónarmið landsmanna varðandi póstpjónustu.

Við gerð frumvarpsins var jafnframt haft samráð við Póst- og fjarskiptastofnun og fjármála- og efnahagsráðuneyti.

VI. Mat á áhrifum

Þörf er á því að innleiða tilskipun 2008/6/EB í samræmi við skuldbindingar Íslands undir samningnum um evrópska efnahagssvæðið. Öll önnur ríki innan EES hafa þegar afnumið einkarétt á póstmargaði. Með þessum breytingum er stuðlað að samkeppni en um leið er notendum tryggður aðgangur að alþjónustu. Ætla má að umtalsverður ávinningur skapist af samkeppni á sviði póstpjónustu sem getur leitt til vöruþróunar og nýsköpunar og nýjunga á póstmargaði.

Nokkrar breytingar eru lagðar til á stjórnsýslu hins opinbera en lagt er til að dregið verði úr eftirliti á póstmargaði. Eftir sem áður fer Póst- og fjarskiptastofnun með eftirlit með framkvæmd laganna. Lagt er til að dregið verði úr gjaldskráeftirliti og ekki gerð krafa um að stofnunin samþykki gjaldskrá alþjónustuveitanda fyrirfram. Þetta þýðir að markaðsaðilar hafa meira frelsi til að ákveða verð og fyrirkomulag póstpjónustu. Stofnunin hefur engu að síður heimildir til inngríps, reynst þess þörf, enda eiga notendur rétt á að alþjónusta sé á sanngjörnu verði. Þá má ætla að breytingar sem felast í þessum lögum verði nokkuð umfangsmiklar og stofnunin þurfi því að fylgja eftir þeim breytingum.

Reikna verður með að einhver kostnaður geti fallið á ríkissjóð verði frumvarpið að lögum. Það mun þó ekki liggja fyrir hversu hár kostnaður fyrr en að lokinni markaðskönnun, og eftir atvikum að loknu útboði eða útnefningu, leiði markaðskönnun í ljós þörf til að tryggja notendum aðgang að alþjónustu, með þeim hætti sem kveðið er á um í lögum.

Athugasemdir um einstakar greinar

Um 1. gr.

Hér er almennt kveðið á um gildissvið laganna og er greinin að meginefni samhljóða 1. gr. gildandi laga um pósthjónustu. Með tengdri starfsemi er átt við rekstur sem gerir kleift að veita pósthjónustu, t.d. rekstur póstmíðstöðva og afgreiðslustaða og útgáfu frímerkja o.s.frv.

Um 2. gr.

Greinin er efnislega sambærileg 2. gr. núgildandi laga. Af greininni má ráða að allir landsmenn skuli eiga aðgang að ákveðnum þáttum pósthjónustu, alþjónustu. Þá er markmið laganna jafnframt að tryggja hagkvæma, virka og áreiðanlega pósthjónustu hér á landi, m.a. með því að efla samkeppni á markaði fyrir pósthjónustu. Með því að efla samkeppni er þess vænst að hægt verði að veita alþjónustu á sem hagkvæmastan máta.

Um 3. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Um 4. gr.

Greinin er samhljóða 4. gr. núgildandi laga um pósthjónustu.

Um 5. gr.

Að uppistöðu er hér um sömu orðskýringar að ræða og eru í gildandi lögum. Rétt þykir þó að gera grein fyrir helstu breytingum sem gerðar hafa verið:

Afgreiðslustaðir: Hugtakinu afgreiðslustaður er nú ætlað að ná yfir hvers konar aðstöðu þar sem mögulegt er að veita pósthjónustu. Þetta þýðir að auk hinna hefðbundnu afgreiðslustaða eru nú tekin af öll tvímæli um það að póstbíll getur í skilningi laganna verið afgreiðslustaður. Jafnframt er hér fellt undir hugtakið sjálfvirkir afgreiðslustaðir.

Alþjónustuveitandi: Sá aðili sem lýst hefur yfir ætlun sinni til að veita alþjónustu á landsvísu á markaðsforsendum eða í samræmi við skilmála útboðs eða hefur verið útnefndur með slíka kvöð af hálfu Póst- og fjarskiptastofnunar.

Fjölpóstur og fríblöð: Hugtökin fjölpóstur og fríblöð eru nú skilgreind í lögnum. Ástæða þess er m.a. sú að gert er ráð fyrir því móttakendur hafi nú skýra heimild samkvæmt lögnum til að hafna móttöku fjölpósts og fríblaða. Íslandspóstur hefur um nokkurt skeið boðið upp að neytendur geti hafnað fjölpósti en í raun hafa engar lagareglur stutt við þennan sjálfsagða rétt neytenda.

Gjaldmerki: Á undanförunum árum hefur gætt nýbreytni í gjaldmerkjum. Til að mynda hefur Íslandspóstur boðið notendum upp á „sms“ frímerki, sem gjaldfærast á símareikning viðkomandi.

Notandi: Réttindi og skyldur samkvæmt lögnum geta eftir atvikum tekið til sendanda póstsendinga og/eða móttakanda, sbr. þær skyldur sem móttakendur hafa til að setja upp bréfalúgu og/eða bréfabakka sem póstrekkandi getur afhent póstsendingar í.

Póstdreifikerfi: Í orðskýringum með hugtakinu er taldir upp þeir þættir sem þurfa að vera til staðar til hægt sé að dreifa póstsendingum.

Póstnúmer: Hugtakið pósthúmer er nú skilgreint í frumvarpinu.

Póstrekandi: Hér er um safnheiti að ræða og samkvæmt frumvarpinu er gert ráð fyrir að allir sem veita pósthjónustu þurfi að vera með svokallaða almenna heimild.

Póstsending: Í frumvarpinu er farin sú leið að afmarka gildissvið laganna með skýrari hætti en verið hefur. Gert er ráð fyrir að sett verði hámarksviðmið. Þannig verður miðað við að til þess að pósthending geti talist bréf, blað, tímarit eða fjölpóstur þá megi hún ekki fara yfir 2 kg. Á sama hátt er miðað við að böggull samkvæmt lögum um pósthjónustu geti ekki verið þyngri en 10 kg.

Ef sending er þyngri en þau þyngdarmörk sem sett eru í frumvarpinu þá fellur sendingin undir lög um vöruflutninga, en ekki lög um pósthjónustu. Hliðstæðar breytingar hafa verið gerðar í Noregi.

Rafræn pósthreifing: Með rafrænni pósthreifingu er átt við pósthjónustu sem felur í sér pósthendingu sem hefur verið yfirfærð á rafrænt form og send notanda í gegnum rafrænt viðmót. Íslandspóstur hefur undanfarin ár boðið upp á slíka þjónustu í gegnum þjónustu sem nefnd hefur verið „Mappan“ og er einskona pósthús á netinu.

Sönnun um móttöku pósthendingar: Í mörgum tilvikum er gert ráð fyrir að pósthrekandi þurfi að sýna sendanda fram á að pósthending hafi verið afhent viðtakanda oft á þar til gerðu eyðublaði. Í frumvarpinu er gert ráð fyrir að slíka sönnun megi einnig veita með rafrænum hætti.

Um 6. gr.

Í frumvarpinu er gerð sú breyting að umsýsla Póst- og fjarskiptastofnunar með leyfisveitingum er gerð einfaldari. Þannig verður hugtakið rekstrarleyfi fellt niður og gert ráð fyrir því að allir sem hugsa sér að starfa á þeim markaði sem fellur undir pósthjónustu eins og hann er skilgreindur á hverjum tíma þurfi að láta skrá sig með almenna heimild. Í því sambandi skiptir ekki máli hvort viðkomandi fyrirtæki ætlar að sinna öllum þeim þáttum sem falla undir pósthjónustu, þ.e. söfnun, flokkun, flutningi eða dreifingu.

Ákvæði um almenna heimild byggist á 9. gr. pósthilskipunarinnar og að hluta til á III. kafla fjarskiptalaga nr. 81/2003 þar sem kveðið er á um almenna heimild fjarskiptafyrirtækja til þess að starfa á fjarskiptamarkaði og þau skilyrði sem binda má almennri heimild.

Um 7. gr.

Áður en fyrirtæki hefur pósthjónustu skal það tilkynna Póst- og fjarskiptastofnun um áform sín og veita upplýsingar sem stofnunin telur nauðsynlegar til þess að geta skráð fyrirtækið og veitt því tilskilið eftirlit. Samkvæmt 4. mgr. mun Póst- og fjarskiptastofnun hér eftir sem hingað til halda skrá yfir pósthrekendur.

Greinin er að hluta byggð á 13. gr. gildandi laga. Í greininni er þó að finna nýmæli þess efnis að fyrirtæki sem hyggjast bjóða upp á þjónustu sem fellur undir alþjónustu skulu upplýsa sérstaklega um slíka fyrirætlan í tilkynningu um starfsemi. Þá getur Póst- og fjarskiptastofnun ekki lengur gert kröfu um að fyrirtæki sæki um rekstrarleyfi, en stofnunin skal engu að síður meta og upplýsa hlutaðeigandi aðila um það hvort skilyrði laganna séu uppfyllt, skv. tilkynningu aðila.

Ný málsgrein sem verður 3. mgr. 7. gr. felur í sér nýmæli er varðar þau tilvik þar sem pósthrekandi með almenna heimild hyggst leggja niður starfsemi, að hluta til eða í heild, skuli tilkynna

stofnuninni það með þriggja mánaða fyrirvara en sé um alþjónustuveitendur að ræða ber að tilkynna slík áform með að minnsta kosti sex mánaða fyrirvara.

Um 8. gr.

Greinin byggist að hluta til á VI. kafla núgildandi laga og jafnframt að hluta til á hún fyrirmynd í 6. gr. fjarskiptalaga nr. 81/2003. Greininni er ætlað að tryggja jafnræði meðal póstrekenda en skilyrði almennra heimilda skulu vera hlutlæg og skýr og jafnræðis gætt við veitingu heimilda.

Ákvæði 1. mgr. er efnislega sambærilegt við 1. mgr. 6. gr. fjarskiptalaga nr. 81/2003.

Samkvæmt 2. mgr. getur Póst- og fjarskiptastofnun sett skilyrði fyrir veitingu almennra heimilda skv. 7. gr. og talin eru upp um hvaða skilyrði getur verið að ræða.

Í 3. mgr. greinarinnar er heimild til þess að setja skilyrði til viðbótar til að mynda ef það þykir nauðsynlegt.

Ákvæði 4. mgr. er sambærilegt 6. mgr. 12. gr. núgildandi laga.

Um IV. kafla.

Í IV. kafla er fjallað um alþjónustu. Með alþjónustu er átt við það að íslenska ríkið skuli tryggja öllum landsmönnum á jafnræðisgrundvelli aðgang að ákveðnum þáttum pósthjónustu. Leiði markaðskönnun í ljós að alþjónustu verði ekki við komið á markaðslegum forsendum skal Póst- og fjarskiptastofnun gera viðeigandi ráðstafanir sem geta falist eftir atvikum í útboði alþjónustu eða útnefningu á alþjónustuveitanda.

Um 9. gr.

Í greininni er að finna umfjöllun um inntak alþjónustu sem byggist á 3. gr. tilskipunar nr. 97/67/EB, sbr. einnig tilskipun 2008/6/EB.

Í 9. gr. kemur fram að allir notendur á Íslandi skuli eiga rétt á alþjónustu. Alþjónusta er lágmarkspósthjónusta sem landsmenn skulu eiga aðgang að á jafnræðisgrundvelli. Með því er átt við að þjónustan skuli uppfylla ákveðin gæði og vera á viðráðanlegu verði en jafnframt að stjórnvöld skuli gæta samræmis og jafnræðis varðandi alþjónustu. Réttur til alþjónustu er ekki fortakslaus en þar sem gerðar eru undantekningar á alþjónustu, t.d. varðandi tíðni dreifingardaga, skal afgreiða sambærileg mál með sambærilegum hætti og reyna að gæta samræmis eins og kostur er. Sem dæmi má nefna að verulegur munur er á kostnaði við alþjónustu í þéttbýli og dreifbýli.

Sú þjónusta sem skal að lágmarki felast í alþjónustu felst í fyrsta lagi í aðgangi að afgreiðslustað og póstkösum. Það felst í því að notendur eigi að hafa aðgang að afgreiðslustað í gegnum net afgreiðslustaða um land allt. Gerð hefur verið breyting á skilgreiningu afgreiðslustaðar frá núgildandi lögum. Með heimild í 3. mgr. 15. gr. og 24. gr. núgildandi laga gaf Póst- og fjarskiptastofnun út reglur um afgreiðslustaði nr. 504/2003, sem ætlað var að setja ákveðinn ramma um hvenær væri þörf á að reka hefðbundinn afgreiðslustað og þá um leið viðmið um hvernig væri hægt að leysa þessa aðgangspörf með öðrum hætti. Frá því að reglurnar voru settar hefur Íslandspóstur, núverandi alþjónustuveitandi, fengið leyfi til að loka fjölda afgreiðslustaða

vítt og breitt um landið bæði á höfuðborgarsvæðinu og landsbyggðinni. Á höfuðborgarsvæðinu hefur hagræðingin einkum falist í sameiningu afgreiðslustaða. Á landsbyggðinni hefur þjónustuskylða Íslandspósts verið leyst með pósthól og/eða aukinni landpóstþjónustu. Viðbúið er að þessi þróun haldi áfram og að fjöldi afgreiðslustaða komi til með að ná einhverju jafnvægi á komandi árum þar sem tekið verður mið af notkun, kostnaði og aðgengi notenda. Í ákvörðun PFS nr. 17/2015, um forsendur og niðurstöðu Íslandspósts ohf. á fjárhagslegri byrði vegna alþjónustu, kemur m.a. fram að stofnunin telur að alþjónustubyrði Íslandspósts vegna reksturs afgreiðslustaða hafi numið allt að 105 millj. kr. á árinu 2013.

Í öðru lagi fellur undir alþjónustu pósthjónusta vegna bréfa upp að tveimur kílóum, böggla upp að 10 kílóum, rekjanlegra sendinga, blindrasendinga allt að tveimur kílóum, dreifingar dagblaða, vikublaða, tímarita, bóka og verðlista með utanáskrift. Málsgreinin á við um pósthjónustu innanlands og tekur einnig til póstsendinga til og frá útlöndum.

Pósthjónusta vegna böggla er nú skilgreind allt að 10 kílóum, en var áður 20 kíló, en svigrúm er um þetta atriði í pósttilskipuninni. Ekki er talin sérstök þörf á að viðhalda alþjónustuskyldu varðandi böggla upp að 20 kílóum enda er nokkur samkeppni á sviði böggla- og vöruflutninga hér á landi.

Á sama hátt og verið hefur er gert ráð fyrir að söfnun póstsendinga verði áfram undir alþjónustu. Samkvæmt ofangreindri upptalningu er miðað við að sömu tegundir af þjónustu falli undir alþjónustu eins og verið hefur að því frátöldu að markpóstur hefur nú verið feldur út sem skyldubundin þjónusta innan alþjónustu. Er það í samræmi við breytingar sem urðu með tilskipun 2008/6.

Þá er lagt til í frumvarpinu að alþjónusta sé nánar útfærð í reglugerð sem ráðherra setur þar á meðal um dreifingu póstsendinga innan alþjónustu.

Frumvarpið gerir ráð fyrir því að áfram verði miðað við það sem meginreglu í samræmi við tilskipun 97/67/EB að notendur, þ.e. sendendur og móttakendur, eigi kost á dreifingu alla virka daga. Sú skylda er þó ekki fortaklaus. Gerðar hafa verið undantekningar á fimm daga dreifingarskyldu og er áfram gert ráð fyrir því að Póst- og fjarskiptastofnun geti veitt alþjónustuveitanda undanþágu frá þeirri skyldu að dreifa póstsendingum alla virka daga. Í reglugerð um alþjónustu nr. 364/2003 eins og henni var breytt með reglugerð 868/2015 er að finna nánari skilyrði um hvenær þær aðstæður eru uppi sem réttlætt geta undantekningar frá meginreglu laganna um skyldubundna dreifingu alla virka daga. Heimilt er að takmarka dreifingarskyldu ef kringumstæður eða landfræðilegar aðstæður gefi tilefni til færri dreifingardaga. Dreifing skal einnig taka mið af eftirspurn eftir þjónustu. Heimili Póst- og fjarskiptastofnun frávík frá alþjónustu, ber stofnuninni að tilkynna Eftirlitsstofnun EFTA um það, til samræmis við 3. mgr. 3. gr. pósttilskipunarinnar.

Í samræmi við 6. gr. pósttilskipunarinnar er kveðið á um það í greininni að frávík frá alþjónustu skuli tilkynnt Eftirlitsstofnun EFTA.

Um 10. gr.

Ákvæðið er sambærilegt núgildandi 2. mgr. 6. gr. laga um pósthjónustu nr. 19/2002 og byggist á 5. gr. pósttilskipunarinnar, sbr. einnig 19. tl. 2. gr. pósttilskipunarinnar.

Hinar almennu kröfur sem uppfylla skal með alþjónustu eru taldar upp í 2. mgr. Í fyrsta lagi skal alþjónusta uppfylla grunnkröfur, en sem dæmi um grunnkröfur eru ákvæði um leynd bréfaskipta og flutning hættulegrar vöru en hvoru tveggja eru gerð nánari skil í öðrum greinum þessa frumvarps. Í öðru lagi er um að ræða kröfur um jafnræði, órofna þjónustu og þróun þjónustu í takt við þjóðfélagslegt umhverfi og þarfir notenda.

Um 11. gr.

Greinin byggist á 4. og 7. gr. póستtilskipunarinnar og miðar að því að tryggja notendum ávallt aðgang að alþjónustu um land allt. Stofnunin hefur eftirlit með því að fullnægjandi póستþjónusta sé veitt um land allt á sanngjörnum kjörum. Við mat á því hvort lágmarksþjónusta sé tryggð um land allt skal stofnunin framkvæma markaðskönnun þar sem fram kemur að þjónustan verði boðin út, sbr. 2. mgr. greinarinnar, nema markaðsaðili upplýsi um fyrirætlun sína um að bjóða alþjónustu án ríkisstyrkja. Ákvæðið er að þýskri fyrirmynd en þýsk stjórnvöld hafa ekki þurft að grípa til sérstakra aðgerða til að tryggja alþjónustu þar sem alþjónustu þar í landi er alfarið sinnt á markaðslegum forsendum.

Gert er ráð fyrir að slík greining fari fram í fyrsta skipti árið 2016 í samræmi við ákvæði til bráðabirgða þar sem fram kemur að Íslandspóstur muni bera núverandi alþjónustuskyldur a.m.k. til 1. júní 2017.

Ef Póst- og fjarskiptastofnun kemst að því í sinni markaðsgreiningu að markaðurinn leysi þörf allra notenda fyrir þjónustu fellur útnefning Íslandspósts samkvæmt bráðabirgðaákvæði niður frá og með birtingu á niðurstöðu stofnunarinnar.

Ef hins vegar greining Póst- og fjarskiptastofnun leiðir í ljós að markaðurinn muni ekki sinna póستþjónustu um allt land, án sérstakrar kvaðar þar að lútandi. Gerir ákvæðið ráð fyrir því að hægt sé að leysa þá lágmarksþjónustu sem skilgreind er í 9. gr. frumvarpsins með tvennum hætti:

Í fyrsta lagi með því að þjónustan verði boðin út á þeim svæðum þar sem talið verður að fyrirtæki muni ekki veita þjónustu á markaðsforsendum vegna markaðsbrests.

Í öðru lagi með útnefningu póstrekkanda með alþjónustuskyldur með hliðstæðum hætti og gert hefur verið í fjarskiptum undanfarinn ár, sbr. til hliðsjónar ákvörðun PFS nr. 40/2014 um að útnefna Mílu ehf. með alþjónustukvöð. Ákvörðun nr. 30/2013 um útnefningu Mílu ehf. með skyldu til að veita aðgang að tengingu við almenna fjarskiptanetið og um að ekki sé ástæða til að fella á alþjónustuskyldur í tengslum við aðgang að talsímaþjónustu, aðgang að gagnaflutningsþjónustu, rekstur almenningssíma og þjónustu við öryrkja eða notendur með sérstakar þjóðfélagsþarfir og ákvörðun nr. 31/2013 aflétting alþjónustukvaða Já upplýsingaveitna hf. og afturköllun leyfis til notkunar á símanúmerinu 118.

Póst- og fjarskiptastofnun skal kynna fyrir hagsmunaaðilum hvort stofnunin hyggist bjóða út þjónustu á einstökum svæðum og/eða landinu öllu eða hvort farið verður í útnefningarferli þar sem ákveðinn aðili, einn eða fleiri, verði útnefndur til að veita alþjónustu á tilteknu svæði eða landinu öllu.

Í 2. mgr. greinarinnar kemur fram að alþjónusta verði boðin út, verði lágmarksþjónustu ekki við komið á markaðsforsendum. Um útboð á póستþjónustu fer samkvæmt lögum um opinber innkaup, sbr. einnig tilskipun 2004/17/EB. Ákvæðið á sér stoð í 2. tl. 7. gr. póستtilskipunarinnar.

Þrátt fyrir 2. mgr. kann að vera að útboð leiði ekki til hagkvæmrar og skilvirkar niðurstöðu. Í því tilviki er Póst- og fjarskiptastofnun veitt heimild til þess að leggja kvaðir á póstrekendur einn eða fleiri um að veita alþjónustu á starfssvæði sínu og ef ástæða þykir til að deila kvöðunum milli fyrirtækja. Við val á alþjónustuveitanda verði litið til þess hvaða fyrirtæki væri best í stakk búið til þess að veita þjónustuna m.a. með tilliti til útbreiðslu á þjónustu fyrirtækisins og hversu hagkvæm og ódýr þjónusta þess væri. Ef samkeppni er talin tryggja nægilegt framboð á pósthjónustu til allra getur verið óþarfi að leggja á sérstakar kvaðir um framboð þjónustu. Póst- og fjarskiptastofnun getur veitt fyrirtækjum undanþágu frá þessu ákvæði ef sérstaklega stendur á. Slík undanþága yrði ávallt bundin við sérstök afmörkuð tilvik þar sem alþjónustukvöð væri talin fyrirtækinu sérstaklega íþyngjandi og þar með kostnaðarsöm. Sambærilega heimild til þess að leggja alþjónustukvaðir á fyrirtæki er að finna í fjarskiptalögum nr. 81/2003.

Um 12. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Um 13. gr.

Í 13. gr. kemur fram hvernig haga beri meðferð mála þar sem alþjónustuveitanda er heimilt að sækja um fjárframlög vegna alþjónustu sem honum er skylt að veita, þ.e. ef alþjónustuveitandi hefur verið útnefndur með alþjónustukvöð, sbr. 3. mgr. 11. gr. laganna. Ef niðurstaða Póst- og fjarskiptastofnunar er að þær kvaðir sem hvíla á alþjónustuveitanda hafi í för með sér hreinan kostnað (e. net cost), sbr. viðauka II og þá um leið séu ósanngjörn byrði á alþjónustuveitandann er gert ráð fyrir því í frumvarpinu að fundin sé hagkvæmasta leiðin við að veita þjónustuna en kostnaður skuli greiddur úr ríkissjóði.

Sæki alþjónustuveitandi um fjárframlag vegna alþjónustu, skal Póst- og fjarskiptastofnun kanna hvort einhver hafi áhuga á að sinna viðkomandi þjónustu fyrir sama eða minni kostnað. Leiði slík könnun í ljós að annar póstrekkandi hafi áhuga og raunhæfa möguleika á að veita þessa tilteknu þjónustu skal bjóða út þjónustuna.

Sambærilegt fyrirkomulag er að finna á sviði fjarskipta, þ.e. útnefning varðandi heimtaugar.

Um V. kafla.

Í V. kafla frumvarpsins er fjallað um nauðsynlega aðstöðu.

Um 14. gr.

Ef nauðsynlegt þykir til að vernda hagsmuni notenda og/eða annarra fyrirtækja á markaði í þeim tilgangi að koma á virkri samkeppni getur Póst- og fjarskiptastofnun lagt aðgangskvaðir á alþjónustuveitendur. Ekki er sérstaklega tilgreindur aðgangur að póstnúmeraskrá enda er gert ráð fyrir því að Póst- og fjarskiptastofnun haldi framvegis utan um póstnúmerakerfið.

Um 15. gr.

Samkvæmt gildandi lögum hefur íslenska ríkið einkarétt á útgáfu frímerkja. Í framkvæmd hefur einkarétturinn verið framseldur til Íslandspósts með sérstöku rekstrarleyfi. Við afnám einkaréttar er því nauðsynlegt að fundin sé viðunandi lausn á því hvernig útgáfu frímerkja verður háttáð í framtíðinni. Í frumvarpinu er gert ráð fyrir að Póst- og fjarskiptastofnun geti veitt alþjónustuveitanda heimild til útgáfu frímerkja. Póstrekendum er heimilt að notast við annars konar gjaldmerki að fengnu samþykki Póst- og fjarskiptastofnunar en slík gjaldmerki skulu bera heiti viðkomandi póstrekkanda eða númer sem Póst- og fjarskiptastofnun úthlutar honum.

Á meðan bráðabirgðaákvæði er í gildi mun alþjónustuveitandi áfram gefa út frímerki, a.m.k. fyrst um sinn, en eins og fram kemur í ákvæði til bráðabirgða mun Íslandspóstur sinna alþjónustuskyldum fyrst um sinn. Miðað er við að Póst- og fjarskiptastofnun taki það til skoðunar við endurskoðun alþjónustuskyldna hvort það sé nauðsynlegt að eitthvert eitt fyrirtæki hafi skyldu til að gefa út frímerki og/eða hvort frímerkjaútgáfa verður gefin frjálts.

Um skipti á frímerkum á milli erlendra póstpjónustufyrirtækja skal fara eftir reglum Alþjóðapóstsambandsins.

Um 16. gr.

Hingað til hefur Íslandspóstur alfarið haldið utan um póstnúmeraskrá. Með afnámi einkaréttar og opnun markaðar þarf því að tryggja heildstætt póstnúmerakerfi. Er Póst- og fjarskiptastofnun því falið að ákvarða landfræðileg mörk póstnúmera og halda póstnúmeraskrá.

Þá hefur Íslandspóstur jafnframt haldið sérstaka heimilisfangaskrá. Sú skrá endurspeglar ekki endilega lögheimilisskráningu Þjóðskrár en gera má ráð fyrir að skrá Íslandspósts gefi réttari mynd af því hvar fólk raunverulega býr en það þarf ekki í öllum tilvikum að fara saman við lögheimilisskráningu Þjóðskrár, sbr. t.d. námsmenn.

Um VI. kafla

Í þessum kafla er fjallað um viðskiptaskilmála póstrekkanda, gjaldskrár og bókhald. Sú breyting er gerð frá gildandi lögum að sérstök grein fjallar núna um viðskiptaskilmála, sbr. 17. gr. frumvarpsins. 18 gr. fjallar um eftirlit með gjaldskrá, 19. gr. um breytingar á gjaldskrá og 20. gr. frumvarpsins um fyrirkomulag bókhalds. Til samanburðar er fjallað um viðskiptaskilmála, gjaldskrá innan alþjónustu og gjaldskrá innan einkaréttar í einu ákvæði í gildandi lögum, þ.e. 16. gr. gildandi laga.

Gjaldskrá Íslandspósts, núverandi alþjónustuveitanda, skiptist í gjaldskrá fyrir einstaklinga og síðan gjaldskrá fyrir fyrirtæki/söfnunaraðila, sem safna saman pósti mismunandi viðskiptavina og afhenda Íslandspósti, samkvæmt sérstakri afsláttargjaldskrá sem reiknast frá hinu almenna einingaverði.

Eins og fram kemur í bráðabirgðaákvæði er gert ráð fyrir að Íslandspóstur muni eftir gildistöku laganna áfram bera alþjónustuskyldur hér á landi. Jafnframt er gert ráð fyrir að Póst- og fjarskiptastofnun komi til með að framkvæma mat á því hvort ástæða sé til að viðhalda alþjónustuskyldum hér á landi. Ef niðurstaða stofnunarinnar verður sú að ekki sé ástæða til að

viðhalda alþjónustukvöðum hér á landi, þá liggur í hlutarins eðli að takmarkað muni reyna á ákvæði þessa kafla um eftirlit með gjaldskrá, breytingar á gjaldskrá, sem og beint bókhaldseftirlit stofnunarinnar. Í þeim tilvikum verður litið svo á markaðurinn fullnægi þeim þörfum sem markaðurinn krefst fyrir þjónustu.

Um 17. gr.

Póst- og fjarskiptastofnun er heimilt að gera breytingar á skilmálum póstrekenda ef þeir brjóta gegn lögum, reglugerðum, almennum heimildum eða skyldum alþjónustuveitanda þegar það á við.

Um 18. gr.

Í 18. gr. er fjallað um eftirlit með gjaldskrá alþjónustu og byggir á 12. gr. póstillskipunarinnar.

Hér er lögð sú almenna skylda á Póst- og fjarskiptastofnun að hafa eftirlit með gjaldskrám í alþjónustu. Eftirlitið lýtur aðallega að því að tryggja að þjónustan sé veitt á eðlilegu og viðráðanlegu verði. Fylgjast ber með verðþróun alþjónustu með tilliti til almenns verðlags og kaupmáttar launa innanlands, auk þess sem hafa má hliðsjón af verðlagningu í helstu viðmiðunarríkjum. Einnig þarf að hafa eftirlit með því að uppsetning gjaldskrár sé skýr og eðlileg og að öllum landsmönnum sé boðið sama verð fyrir sömu þjónustu.

Um 19. gr.

Fyrir liggur að núverandi alþjónustuveitandi, Íslandspóstur, er með allt að 100% markaðshlutdeild í einstökum vöruflokkum innan pósthjónustu.

Það nýmæli kemur nú inn að fyrirtæki sem sinnir alþjónustuskyldum skal tilkynna allar breytingar á gjaldskrá fyrirtækisins sem falla undir alþjónustu, á einstaklingsmarkaði með a.m.k. 30 daga fyrirvara. Fyrir sömu tímamörk skal alþjónustuveitandi senda til Póst- og fjarskiptastofnunar rökstuðning fyrir þeim breytingum sem alþjónustuveitandi hyggst gera á einingarverðum undir 50 gr.

Póst- og fjarskiptastofnun er heimilt að yfirfara útreikninga alþjónustuveitanda og getur eftir atvikum kveðið á um breytingar á tilkynntu verði ef útreikningar alþjónustuveitanda eru ekki réttir eða gefa ekki tilefni til þeirrar hækkunar sem tilkynnt var. Rétt er að ítreka að sú breyting er gerð að ekki er gert ráð fyrir því að Póst- og fjarskiptastofnun samþykki fyrirfram gjaldskrá alþjónustuveitanda, líkt og núgildandi lög um pósthjónustu gera ráð fyrir í tilviki gjaldskrár innan einkaréttar. Gjaldskráin tekur gildi á þeim fyrirfram tilkynnta degi svo framarlega sem tímamörk 1. mgr. eru virt.

Breytingar á gjaldskrá fyrir magnpóst, þ.m.t. breytingar á verði og skilmálum, skal tilkynna með að lágmarki 60 daga fyrirvara. Alþjónustuveitandi skal fyrir sömu tímamörk senda Póst- og fjarskiptastofnun fullnægjandi rökstuðning fyrir þeim breytingum sem gera á.

Breytingar á gjaldskrá innan alþjónustu, ásamt rökstuðningi, skal birta á vefsíðu Póst- og fjarskiptastofnunar.

Póst- og fjarskiptastofnun getur gert athugasemdir við breytingar á gjaldskrá áður en gjaldskrá tekur gildi, en jafnframt er stofnuninni heimilt að taka gjaldskrá til sérstakrar skoðunar eftir að gjaldskrá hefur tekið gildi, berist stofnuninni kvörtun yfir gjaldskrá alþjónustu.

Um 20. gr.

Í 20. gr. er fjallað um bókhaldslega aðgreiningu og byggist greinin á 14. og 15. gr. póstitilskipunarinnar.

Um 21. gr.

Ákvæðið er efnislega sambærilegt við ákvæði 36. gr. gildandi laga.

Um VII. kafla

Í þessum kafla er að finna ýmis ákvæði sem eiga það flest sammerkt að verið er að setja ýmsar kröfur um þjónustu og gæði póstpjónustu, m.a. er vikið að móttökustöðum, útburði, og gæðamælingum og er ætlað að tryggja þau réttindi sem fjallað er um póstitilskipuninni.

Um 22. gr.

Ákvæðið er sambærilegt við 20. gr. gildandi laga. Í ákvæðinu er lögð sú kvöð á það fyrirtæki sem fer með alþjónustuskyldur að móttökustaðir fyrir póstsendingar séu tæmdir a.m.k. einu sinni hvern virkan dag. Í flestum tilvikum er hér um að ræða póstkassa sem settir eru upp á almannafæri. Sú undantekning er hins vegar gerð að heimilt verður að taka mið af fjölda dreifingardaga á viðkomandi svæði í þeim tilvikum sem Póst- og fjarskiptastofnun hefur heimilað fækkun dreifingardaga, sbr. 23. gr. frumvarpsins.

Um 23. gr.

Ákvæðið kemur í stað núgildandi 21. gr. þar sem fram kemur að Póst- og fjarskiptastofnun skuli tryggja að alls staðar á landinu sé alla virka daga borinn út póstur sem fellur undir skilgreiningu á alþjónustu nema kringumstæður og landfræðilegar aðstæður hindri slíkt. Í greinargerð með 21. gr. gildandi laga kemur fram að undir hugtakið kringumstæður geti fallið ófærð og óveður eða sérstakar landfræðilegar aðstæður. Jafnframt er vikið að því í greinargerðinni að á árinu 1999 hafi Póst- og fjarskiptastofnun gert könnun þar sem fram komi að það kosti um 100 milljónir að koma á útburði alls staðar á landinu alla virka daga. Á grundvelli þessa ákvæðis var síðan lagt fyrir Íslandspóst að hefja útburð alls staðar á landinu alla virka daga, en áður hafði ekki tíðkast að bera út póst alla virka daga.

Fram til 2015 var póstur borinn út til allra landsmanna alla virka daga, að undanskildum 156 heimilum, þar af flest í Grímsey. Með hliðsjón af minni eftirspurn, minnkun póstmagns og þeirri staðreynd að sífellt hefur reynst erfiðara að standa undir kostnaði við alþjónustu, hefur þótt rétt að rýmka heimildir til þess að draga úr tíðni dreifingar á þeim svæðum sem eru hvað dýrust. Með

reglugerð nr. 868/2015, sem tók gildi 1. september 2015, var breytt reglugerð um alþjónustu og framkvæmd pósthjónustu nr. 364/2003. Í reglugerðinni er að finna nánari skilyrði um hvenær þær aðstæður eru uppi sem réttlætt geta undantekningar frá meginreglu laganna um skyldubundna dreifingu alla virka daga. Með breytingunni voru rýmkaðar þær heimildir sem Póst- og fjarskiptastofnun hefur til að veita undanþágur frá dreifingu alla virka daga og er nú þar að finna viðmið um að fari kostnaður við dreifingu yfir tiltekið kostnaðarhlutfall miðað við það sem almennt gerist megi draga úr tíðni dreifingar.

Sú breyting er því gerð á ákvæðinu að nú er með skýrum hætti kveðið á um að heimilt sé að horfa til kostnaðar og eftirspurnar eftir þjónustu við mat á því hvort rétt sé að draga úr þjónustu.

Með fastri búsetu er átt við lögheimili, sbr. lög um lögheimili nr. 21/1990, með síðari breytingum.

Um 24. gr.

Í 24. gr. er að finna nýmæli varðandi rafræna póstdreifingu. Ekki er átt við hefðbundinn tölvupóst heldur pósthjónustu sem felur í sér póstsendingu sem hefur verið yfirfærð á rafrænt form og send notanda í gegnum rafrænt viðmót. Getur ákvæðið átt við um þjónustu á borð við Möppuna, sem Íslandspóstur hefur boðið upp á undanfarin ár en þjónustan felur í sér skönnun á bréfum og þau birt notendum á rafrænu notendasvæði.

Þá tekur ákvæðið jafnframt til annarrar þjónustu þar sem notendum er boðið upp á aðgengi að bréfasendingum um rafræna upplýsingagátt, t.d. þjónusta Þjóðskrár á vefsvæðinu island.is þar sem notendum stendur til boða að kalla eftir bréfasamskiptum við opinbera aðila.

Nauðsynlegt er að sambærilegar kröfur séu gerðar vegna rafrænnar póstdreifingar og hefðbundinnar póstdreifingar varðandi öryggi og póstleynd.

Í greininni eru ekki skilgreindar kröfur um notkun ákveðinna staðla en gerðar kröfur um að póstreikandi sem hyggst bjóða upp á rafræna póstdreifingu skuli tryggja öryggi með viðeigandi ráðstöfunum, svo sem með notkun öryggisstaðla, með dulkóðun, auðkenningu notenda eða öðrum viðeigandi ráðstöfunum sem stuðla að öryggi gagnanna.

Loks er gert ráð fyrir heimild ráðherra til að skilgreina nánar í reglugerð kröfur varðandi rafræna póstdreifingu.

Um 25. gr.

Greinin er efnislega sambærileg við 22. gr. gildandi laga og byggist m.a. á 16., 17. og 18. gr. pósttilskipunarinnar. Einnig er fjallað um gæðakröfur í viðauka I.

Póst- og fjarskiptastofnun skal tilkynna undanþágur frá gæðakröfum til Eftirlitsstofnunar EFTA. Póst- og fjarskiptastofnun skal hafa eftirlit með því að gæðakröfur séu virtar og birta skýrslu um niðurstöður hennar á vefsíðu sinni. Eftirlit skal að lágmarki felast í könnun á dreifingartíma A pósts í lægsta þyngdarflokki.

Um 26. gr.

Greinin er efnislega sambærileg við 23. gr. gildandi laga og byggist á 20. gr. pósttilskipunarinnar.

Um 27. gr.

Greinin byggist á núgildandi 24. gr. um öryggi póstsendinga og sú krafa er gerð til póstrekkenda að þeir tryggi örugga meðferð allra póstsendinga.

Um 28. gr.

Í greininni er ákvæði 25. og 26. gr. núgildandi laga sameinuð í einu ákvæði. Auk þess er nú kveðið á um að Póst- og fjarskiptastofnun geti leyst úr ágreiningi um hvað telst vera hæfileg greiðsla fyrir flutning á póstsendingum.

Um 29. gr.

Ákvæðið kemur í staðnúgildandi 31. gr. laga um póstpjónustu en í ákvæðinu er kveðið á um nokkrar meginreglur sem afmarka réttindi og skyldur sendanda, viðtakanda og póstrekkenda, þ. á m. hvenær ábyrgð flyst af póstrekkanda og yfir til viðtakanda.

Í 1. mgr. er fjallað um heimildir póstrekkanda til að setja í skilmála reglur um frágang póstsendinga og skyldu þeirra til að athuga að rétt sé frágengið miðað við það sem verið er að flytja hverju sinni. Eðli málsins samkvæmt hlýtur það að vera sendanda að leita sér upplýsinga um hvernig hann eigi að ganga frá einstökum hlutum til að hægt sé að tryggja að þeir komist óskemmdir á leiðarenda.

Í 2. mgr. er fjallað um dagstimplun póstsendinga. Reglur um dagstimplun eru þrengdar frá því sem er í gildandi lögum. Samkvæmt ákvæðinu er eingöngu skylt að dagstimpla bréf hafi því verið lofað að sendingin bærisk fyrir ákveðin tímamörk, en viss neytendavernd er fólgin í því að bréf og eftir atvikum böggjar sýni móttökudagsetningu sendingarinnar hjá póstrekkanda.

Í 3. mgr. er fjallað um þá möguleika sem koma til greina þegar póstsending er afhent og ábyrgð á sendingunni flyst frá viðkomandi póstrekkanda og yfir á viðtakanda.

Í 4. mgr. er ítrekuð sú skylda sem m.a. kemur fram í byggingarreglugerð, að það sé skylda og á ábyrgð móttakanda að koma upp viðeigandi bréfastofnu og/eða bréfastofnu, sem póstrekkandi getur afhent póstsendingar í. Í framkvæmd hefur það verið þannig að Íslandspóstur, núverandi alþjónustuveitandi, hefur borið kostnað af og sett upp bréfastofnu í dreifbýli. Eftir gildistöku laganna verður það alveg skýrt að það eru íbúar og viðtakendur póstsendinga sem bera ábyrgð á að bréfastofnu séu til staðar. Um staðsetningu bréfastofnu í dreifbýli fer samkvæmt reglugerð nr. 364/2003 um alþjónustu og framkvæmd póstpjónustu, með síðari breytingum.

Í 5. mgr. er kveðið á um að póstrekkendum sé heimilt að endursenda póstsendingar til sendanda ef bréfastofnu eru ekki í samræmi við ákvæði byggingarreglugerðar og eða þær reglur sem gilda um fjarlægð á bréfastofnum í dreifbýli og/eða safna þeim saman á viðkomandi afgreiðslustað þar til úr hefur verið bætt.

Í 6. mgr. er fjallað um hvenær ábyrgð póstrekkanda á póstsendingu lýkur.

Ákvæði 7. mgr. er efnislega samhljóða 6. mgr. 31. gr. gildandi laga nema að bætt hefur verið við að greiðandi burðagjalds geti einnig talist eigandi sendingar, enda þykir eðlilegt að viðtakandi

geti í sumum tilfellum gefið bein fyrirmæli um breyttan afhendingarstað enda sýni hann fram á að hann sé eigandi þeirrar sendingar sem um er að ræða, t.d. þegar um er að ræða viðskipti á netinu.

Um 30. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Um 31. gr.

Ákvæði 31. gr. um óskilasendingar er efnislega samhljóða nógildandi 32. gr.

Um 32. gr.

Í 33. gr. nógildandi laga er fjallað um óheimilar og ólögð sendingar. Í 33. gr. nógildandi laga er fjallað um óheimilar sendingar en hér er lögð til nokkur einföldun.

Nokkur munur er á milli heimshluta um hvað teljast óheimilar póstsendingar og geta slíkar reglur sífellt tekið breytingum. Póst- og fjarskiptastofnun skal því leitast við að birta lista Alþjóðapóstsambandsins um ólögð sendingar á vefsíðu sinni.

Ráðherra er heimilt að setja reglugerð um ólögð innihald póstsendinga. Reglur um óheimilar póstsendingar skulu taka mið af reglum Alþjóðapóstsambandsins.

Um 33. gr.

Ákvæði 33. gr. um umbúðir póstsendinga byggist á nógildandi 34. gr.

Um VIII. kafla

Kaflinn er efnislega samhljóða XIV. kafla gildandi laga.

Um 34. gr.

Greinin er efnislega sambærileg 37. gr. gildandi laga og byggist á 19. gr. pósttilskipunarinnar.

Telji neytendur fjarskipta- eða pósthjónustu, eða aðrir sem hagsmuna hafa að gæta, að fjarskiptafyrirtæki eða póstrekaðri brjóti gegn skyldum sínum samkvæmt lögum um fjarskipti eða lögum um pósthjónustu, eða gegn skilyrðum sem mælt er fyrir um í almennum heimildum, réttindum eða í rekstrarleyfi, getur hlutaðeigandi beint kvörtun til Póst- og fjarskiptastofnunar um að hún láti málið til sín taka, sbr. 10. gr. laga nr. 69/2003.

Um 35. gr.

Greinin byggist á 38. og 39. gr. gildandi laga.

Um 36. gr.

Greinin er efnislega sambærileg við 40. gr. gildandi laga, en sú breyting hefur orðið á að í stað hugtaksins „ábyrgðarsending“ hefur hugtakið „rekjanleg sending“ tekið við, sem þykir meira lýsandi fyrir þá þjónustu sem um ræðir.

Um 37. gr.

Greinin er efnislega sambærileg við 41. gr. gildandi laga.

Um 38. gr.

Greinin er efnislega sambærileg við 42. gr. gildandi laga, sbr. lög nr. 120/2011.

Um 39. gr.

Greinin er efnislega sambærileg við 43. gr. gildandi laga.

Um 40. gr.

Greinin er efnislega sambærileg við 44. gr. gildandi laga.

Um 41. gr.

Greinin byggir á 45. gr. gildandi laga.

Um 42. gr.

Greinin er samhljóða 46. gr. gildandi laga.

Um IX. kafla

Í IX. kafla er fjallað um milliríkjasamninga, póstleynd o.fl.

Um 43. gr.

Í 43. gr. er fjallað um póstpjónustu við önnur ríki.

Fyrsta og önnur málsgrein eru efnislega í samræmi við 51. og 52. gr. gildandi laga, að því undanskildu að hugtakið alþjónustuveitandi kemur í stað hugtaksins rekstrarleyfishafi.

Þriðja málsgrein er sambærileg við 17. gr. gildandi laga en með henni er verið að innleiða ákvæði 13. gr. pósthilskipunarinnar.

Um 44. gr.

Greinin er efnislega sambærileg við ákvæði 47. gr. gildandi laga.

Um 45. gr.

Í ákvæðinu er fjallað um undanþágur frá meginreglu um bann við opnun póstsendinga, þar á meðal varðandi opnun óskilasendinga.

Um 46. gr.

Ákvæðið þarfnast ekki skýringar.

Um 47. gr.

Hér er lagt til að lögini taki gildi 1. janúar 2017, en gera má ráð fyrir því að póstrekendur þurfi einhvern tíma til að aðlagast breyttu regluverki.

Um 48. gr.

Þar sem með frumvarpi þessu er felldur niður einkaréttur íslenska ríkisins á afmörkuðum þáttum pósthjónustu og í lögum nr. 50/1988 er vísað til einkaréttar á sviði pósthjónustu er lagt til breytt orðalag. Ekki er um efnislega breytingu að ræða.

Ekki þykja forsendur fyrir því að afnema undanþáguna, enda á pósthjónusta á Íslandi undir högg að sækja vegna þess hve dregið hefur mikið úr bréfasendingum.

Undanþága þessi tekur ekki til óártaðra bréfaþótsendinga, t.d. fjöldasendinga. Einnig er dreifing á bögglaþósti og forgangssendingum skattskyld eins og verið hefur.

Um ákvæði til bráðabirgða.

Ákvæðið þarfnast ekki skýringa.